250.000 kr. Vetrartilboð

Fylgir með á meðan birgðir endast. Upphækkun, heilsársdekk, dráttarbeisli og 16" álfelgur.
www.subaru.is

Forester 2.590.000,- Forester PLUS 2.790.000,- Forester LUX 3.090.000,-

SYMMETRICAL AWD

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mán. - fös. kl. 9:00 - 18:00. Lau. 12:00 - 16:00.

Umboðsmenn
um land allt

Akureyri
464 7940

Njardvík
421-8608

Höfn i Hornafirði
478-1990

Reykjavík
474-1453

Ný skýrsla um peningaþvætti:

Íslenskt laga-umhverfi gott

PENINGAÞVÆTTI Á fundi ríkisstjórnar í gær var farið lauslega í skýrslu FATF, alþjóðlegrar ráðgjafastofnumar helstu iðnríkja gegn peningaþvætti. Samtökinn gera úttektir á vörnum aðildarrikið janna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í lag og viðskiptaumhverfi þeirra. Niðurstaða skýrslunnar var sú að Ísland stendur ágætlega í pessu samhengi, þótt ávallt megi gera betur.

Í júní tóku gildi ný lög um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, til að innleiða tilskipun Evrópusambandsins, sem byggir á tilmælum FATF. - kóp

Elísabet II Englandsdrottning heimsækir Eystrasaltslönd:

Drottningu fagnað í Litháen

LITHÁEN, AP Elísabet II Englandsdrottning fékk höfðinglegar móttökur er hún kom í sína fyrstu opinberu heimsókn til Litháens í gær. Mikill mannfjöldi safnaðist saman í höfuðborginni Vilnius til að fagna breska þjóðhöfðingjanum.

Drottningin, með eiginmanninn Filippus prins sér við hlið, gaf sér tíma til að spjalla við fólk fyrir utan ráðhúsið í Vilnius, þar sem Valdas Adamkus Litháensforseti tók formlega á móti gestunum.

„Ég kom hingað til að verða vitni að sögulegum viðburði. Heimsókn bresku drottningarinnar er enn eitt mikilvægt tákum um að Litháen hefur aftur hlutið innögöngu í evrópsku þjóðafjölskylduna eftir margra ára fjarveru,“ hefur AP fréttastofan eftir Dönu Juodiene, 54 ára gömlum sögukennara sem var meðal mannfjöldans á ráðhústorginu.

Drottningin mun í ferðinni einnig heimsækja



HLÝJAR MÓTTÖKUR Vilniusbár fagna Bretadrottningu við komu hennar í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

hin Eystrasaltsríkin tvö, Lettland og Eistland. Pau gengu öll í NATO og Evrópusambandið árið 2004.

- aa

þriggja mánaða fangelsi:

Stal myndavélum og úrum

DÓMSMÁL Tæplega tvítugur maður var dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær í þriggja mánaða fangelsi fyrir þjófnaði og gripdeildir. Refsingin er skilorðsbundin í tvö ár.

Maðurinn braust inn í íbúðarhúsnæði síðastliðið sumar og stal tveimur stafrænum myndavélum og þremur úrum. Síðar braust hann inn í bíl og létt þar greipar sópa. Hann hafði áður hlotið dóm fyrir tilraun til þjófnaðar. Dómurinn leit meðal annars til ungs aldurs og þess að maðurinn játaði brot sín hreinskilmislega. Þá hefur hann tekist á við fíkniefnavanda sinn.

- jss



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR formaður Samfylkingarinnar vill fækka ráðuneytum.

Frumvarp Samfylkingarinnar:

Ráðuneytum verði fækkað

ALÐINGI Samfylkingin vill að ráðuneytum verði fækkað úr fjórtán í níu.

Frumvarp Samfylkingarinnar gerir ráð fyrir að tryggingamál færist úr heilbrigðisráðuneyti til félagsmálaráðuneytis og landbúnaðar-, sjávarútvegs-, viðskipta- og iðnaðarráðuneytum verði steyppt saman í atvinnuvegaráðuneyti. Þá verði dómsmála- og samgönguráðuneyti, auk Hagstofunnar, sameinuð í innanríkisráðuneyti. Starfsemi annarra ráðuneyta haldist óbreytt að mestu.

Í greinargerð frumvarpsins segir að margt við núverandi fyrirkomulag sé úrelt og því tímabært að stokka upp skipan Stjórnarráðsins.

- bps



Nýtt frumefni búið til:

Frumefni 118 birtist andartak

VÍSINDI Vísindamönnum frá Kaliforníu og Rússlandi tókst að búa til nýtt frumefni sem fær þá sinn stað í lotukerfinu sem frumefni númer 118. Þetta er þyngsta frumefnið sem til er, en það er afar óstöðugt og frumeindirnar þrjár, sem vísindamönnum tókst að kalla fram í tilraunastofum sínum, voru aðeins til í eitt augnablik og varla það – eða nánar tiltekið í níu tíupúsundustu hluta úr sekúndu.

Niðurstöður vísindamannanna þarf þó að staðfesta betur áður en fullvissa fæst um tilvist þessa frumefnis.

- gb

BAHRAIN

Fyrsta konan á þing

Kona mun í fyrsta sinn taka sæti á þjóðþingi Bahrain. Þótt þingkosningar fari fyrst fram þann 25. nóvember er framboðfrestur útrunninn og í einu kjördæminu er Lateefa al-Geood ein í kjöri og því sjálfkjörin. Alls keppa 221 frambjóðandi, þar af átján konur, um þingsætin fjórutíu.

LÖGREGLUFRETTIR

Reiðhjólum stolið

Reiðhjólaþjófar hafa verið á ferðinni í Reykjavík að undanförnu og var fimm hjólum stolið í borginni í fyrradag. Eigendur hjóla sem hefur verið stolið eru beðnir að snúa sér til lögreglu.

Besti grunnskóli í heimi

- fundur um málefni grunnskólans

Við Íslendingar eigung að geta boðið börnum okkar upp á besta grunnskóla í heimi.

Menntakerfið er aflvél hagkerfisins og jafnframt besta leiðin sem við höfum til að veita börnum jöfn tækifæri í lífinu, óháð efnahag foreldra þeirra.

Framsöguðindi

Illugi Gunnarsson og Margrét Pála Ólafsdóttir fjalla um málefni grunnskólans og ræða hvernig við getum tryggt börnum okkar besta grunnskóla í heimi. Umræður að loknum framsöguðindum.

Fundarstjóri

Þórólfur Þórlindsson.

Illugi Gunnarsson er frambjóðandi í prófkjöri Sjálfstæðisfloksins.

Magrét Pála Ólafsdóttir er framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar.

Allir velkomnir

Staður og stund

Grand Hôtel Reykjavík, Sigtúni 38.

Í dag, miðvikudaginn 18. október, kl. 17:30.



Leiðbeinandinn - kynning og framsögn -

Parft þú að halda kynningu, námskeið eða fyrirlestur?

Leiðbeinendanámskeið löntæknistofnunar hefst miðvikudaginn **25. október** n.k. Farið er yfir helstu þætti í kynningartækni og framsögn.

Námskeiðið er ætlað leiðbeinendum í atvinnulífinu og öðrum sem þurfa að kenna á námskeiðum eða kynna vörum og þjónustu.

Nánari upplýsingar og skráning hjá **Löntæknistofnun í síma 570 7100** og á vefsíðu okkar www.itis.is

NÁM
SKEIÐ

Iöntæknistofnun

EVRÓPURÉTTARSTOFNUN
HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

ÁFENGISAUGLÝSINGAR OG EES RÉTTUR: ER BIKARINN TÆMDUR?

Hádegisfundur 18. október 2006 í samstarfi við LMFÍ

Hádegisfundur á vegum Evrópuréttarstofnunar HR verður haldinn þann 18. október n.k. kl. 12.00 - 13.00 á 3. hæð í Ofanleiti 2.

Framsögumaður er Stefán Geir Þórisson hrl.

Skráning fer fram í síma 599 6267 eða á netfangið johanna@ru.is.

Fundargjald kr. 1.500.- Innifalinn léttur hádegisverður. Greitt við innganginn.

Lögmannafélag Íslands

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

FJÖLGUN I LÉTTU AB - FJÖLSKYLDUNNI!

Nú hefur ný Létt ab-mjólk með eplum og gulrótum bæst í hópinn. Prófaðu þær allar!



HRIKALEGA
HOLL OG GOD

FRÉTTABLAÐIÐ

18. október 2006 **MÍÐVIKUDAGUR**

Stórtjón varð þegar skipalyfta gaf sig í Vestmannaeyjahöfn í gær:

Skipið skagaði langt upp í loftið

VESTMANNAEYJAR Skipalyfta við höfnina í Vestmannaeyjum gaf sig begar hún var að lyfta netabát í slipp um klukkan fjögur í gær. Báturinn, sem heitir Gandí VE 171, var kominn langleiðina upp í slippinn þegar hluti lyftunnar gaf sig og hrundi niður þannig að skipið stóð uppi líkt og bað hefði stungist í jörðina. Betur fór en á horfðist og urðu aðeins lítilsháttar meiðslí á fólk.

Orsakir slyssins eru ekki ljósar en rannsókn málssins stendur yfir. Óttast er að tjón af völdum slyssins nemimilljónum. Lyftan er fáigufyrirtækisins Skipalyftan ehf.

Að sögn Tryggva Kristins Ólafssonar, lögreglufulltrúa í Vestmannaeyjum, voru sex manns staddir undir skipinu þegar lyftan gaf sig og fóru þeir allir í sjóinn. Einn beirra slasaðist á baki og annar fékk skurð á höfuði. Hinir slappu tiltölulega ómeiddir en allir voru kaldir eftir volkið.

- sþs




GANDÍ Orsakir slyssins eru ekki ljósar en rannsókn stendur yfir. Óttast er að tjónið nemimilljónum króna.

MYND/ÓSKAR

Bush undirritar lög um sérstaka herdómstóla fyrir grunaða hryðjuverkamenn:

Leyfi til að beita harkalegum aðferðum við yfirheyrlslur



BANDARÍKIN George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, undirritaði í gær lög um herdómstóla, sem eiga að fjalla um mál grunaðra hryðjuverkamanna sem hafoir eru í haldi í Guantanomo á Kúbu. Jafnframt er í lögunum heimild til þess að harkalegum yfirheyrsluáðferðum, sem jaðra við pyntingar, sé beitt á þessa fanga.

„Frumvarpið sem ég undirrita í dag hjálpar til við að gera þess land öruggara og sendir skýr skilaboð. Þessi þjóð er þolinmóð og siðprúð og sanngjörn og við munum aldrei láta undan hótunum gegn frelsi okkar,“ sagði Bush í gær. „Við erum jafn einörð í dag og við vorum að morgni 12. september árið 2001.“

Lögin eru setti vegna þess að Hæstiréttur Bandaríkjanna komst í júní að þeirri niðurstöðu að fyrri dómstólar, sem skipaðir voru af Bush forseta án sérstakrar heimildar í lögum, og áttu að dæma í málum fanganna, brytu í bága við

bæði bandarísk lög og alþjóðlega mannréttindasamninga.

Með því að gefa dómstólunum lagalega stoð vonast Bush til þess að ekkert standi lengur í veki fyrir því að fangarnir, í það minnsta sumir þeirra, verði dregnir fyrir dómstóla.

Nýju lögin eru þó umdeild, ekki síst vegna þess að dómstólunum verður heimilt að nota vitnisburð sem fenginn er með umdeildum yfirheyrsluáðferðum. Einnig verður heimilt að nota upplýsingar, sem fangarnir sjálfir fá ekki að sjá, til þess að sakfella þá.

- gb

Ellert B. Schram:
**Fram í prófkjör
Samfylkingar**

STJÓRNMÁL Ellert B. Schram hefur lýst yfir að hann gefi kost á sér í prófkjör Samfylkingarinnar í Reykjavík sem fer fram þann 11. nóvember næstkomandi.

Ellert býður sig fram án þess að tiltaka eithvert sérstakt númer í röðinni.

Ellert er formaður 60 plús sem eru samtök eldri borgara innan Samfylkingarinnar og fyrverandi formaður Íþróttasambands Íslands. Ellert sat á þingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn á áttunda og níunda áratug seinustu aldar.



- sdg

Lestarslys í miðborg Rómar:
**Yfir hundrað
manns slasaðir**

RÓM, AP Kona á brítugsaldri fórst þegar jarðlest á fullri ferð ók aftan á kyrrstæða lest á lestarstöð í miðborg Rómar í gær. Meira en hundrað manns að auki slösudust, þar af tíu alvarlega.


Áreksturinn varð klukkan niú í gærmorgun á neðanjarðarstöðinni Piazza Vittorio Emanuele II, sem er skammt frá aðallestarstöðinni í Róm. Björgunarmenn settu upp sjúkraskýli skammt frá lestarstöðinni til þess að hlynna að hinum slösudust. Sumir farþegar í lestinni, sem ekið var á hina kyrrstæðu, segja lestarstjórn hafa farið yfir a rauðu ljósi skómuð aður en áreksturinn varð.

REVITA NÚSÍD / SÍA

Nú er það Bónus á Smáratorgi sem fer í stórfenglega andlitslyftingu:

Tæmum Bónus á Smáratorgi!

EKKERT
BRUDL



300%

afsláttur af ÖLLUM vörum
í versluninni - í dag og á morgun
eða á meðan birgðir endast

Verslunin verður gerð aðgengilegri, þægilegri og betri og
opnar aftur 1. nóv. með tilboðum sem engin budda stenst!

www.bonus.is

„ORÐRÉTT“**Útvatnaður brandari**

„Í rauninni er þetta allt sami grautur í sömu skál eða, ef menn vilja, sama þvg í sömu skál. Sami gamli, útvatnaði brandarinn.“

VILHJÁLMUR EYÞÓRSSON FJALLAR UM NÚTMALIST.

Morgunblaðið 17. október.

Bubbinn endalausi

„Ég hef ekki orðið var við heilabilanir eða neitt því um líkt, þannig að ég er á því að ég verði í góðu standi allavega næstu, segjum fjörutíu árin.“

BUBBI MORTHEN'S Í TLEFNI AF PLÖTUSAMNINGI SEM HANN GERDI VIÐ SENU UM TIÐ PLÖTUR Í VIÐBÓT.

Fréttablaðið 17. október.

tilveran**SJÓNARHÓLL**

HVALVEIÐAR HEFJAST Á NÝ



ÁSTHILDUR CESIL ÞÓRÐARDÓTTIR

GARÐYRKJASTJÓRI

Betra en nautakjöt

„Ég er bara ánægð með það,“ segir Ásthildur Cesil Þórðardóttir, garðyrkjastjóri á Ísafirði, um þau tilindi að hvalveiðar séu að hefjast á ný. „Við eignum að nýta allar okkar auðlindir. Stofninn er það sterkuð að hann á alveg að þola einhverjar veiðar. Í raun áttum við aldrei að hætta heldur taka skynsamlega á veiðunum, því þessi dýr éta óheyrliga mikil og það er slæmt ef þau fjölgar sér um of. Sjálf borðaði ég oft hvalkjöt áður fyrir og fitan er algjört lostæti. Ég fékk mér grilladá hrefnu nýlega og hún var alveg frábær. Í gamla daga var þetta hvunndagsmatur, kjótið bara lagt í mjólk og síðan steikt á þönnu, en nú er farið að hantera þetta og krydda þannig að þetta er lostæti: Finar steikur sem eru fyllilega sambærilegar við íslenskt nautakjöt. Eiginlega mun betra kjöt.“

Er nauðsynlegt að skjóta þá? spurði Bubbi fyrir tuttugu árum. Í sautján ár, eða síðan 1989, hefur svarið verið nei. Í gær-morgun var líf og fjör um borð í Hval 9. Gamlir vinir úr hvalveiðiflotanum voru komnir í gamla gírinn, olían streymdi í 3.000 lítra tankinn, menn voru að dytta að og smyrja. Svartur reykur steig upp úr reykháfnum á ný. Ætlunin var að sigla til hvalstöðvarinnar í Hvalfirði og bíða eftir grænu ljósi frá ríkisstjórninni.

Ég var nú bara nýkominn frá Spáni þegar ég var kallaður inn,“ segir Sigurður G. Njálsson, skipstjóri og skytta á Hval 9. „Jú, óneitanlega er maður spenntur og vonar að við fáum grænt ljóst á þetta frá ríkisstjórnarfundinum í hádeginum. Við ætlum að minnsta kosti að sigla upp í Hvalfjörð og sækja byssuna og æfa okkur að skjóta. Maður er óneitanlega orðinn ansi ryðgaður eftir sautján ára fjarveru. En ef við fáum grænt ljós förum við beint að veiða.“

Sigurður segist hafa verið á

trillum í pásunni löngu. Hann segir nýjan sprengiodd sem Norðmenn hafa notað verða tekinn upp hér. „Hann er miklu kraftmeiri en gamla týpan, 1, 2 og 3 og hvalurinn er steindauður. Og svo skemmir þetta ekki kjötið eins mikil.“

Hvalur 9 er nýkominn úr slipp en í gær átti að keyra vélarnar á fullu á hafi úti, í fyrsta skipti í sautján ár. Tuttugu manns hafa verið við vinnu uppi í Hvalfirði að koma stöðinni í samt form og menn eru greinilega að undirbúa sig fyrir blússandi hvalveiðar á ný. „Hvalur 8 fer í slipp líka ef við fáum leyfi en Hvalur 6 og 7 eru alveg úr myndinni eftir að þeim var sökkum um árið. Það væri réttast að henda þeim bara,“ segir Sigurður. Við erum við stýrishús. Hátt mastrið með tunnumni sem menn sitja í og skima út á sjó eftir bráðinni blasir við. Það býðir lítið fyrir lofthræddu að vinna við þetta, segir blaðamaður og ímyndar sér það brekvirkri að þurfa að klifra barna upp í hvíndi roki, en skipstjórið Sigurður yppir bara öxlum yfir svona vitleysu. „Þetta er lífið,“ segir hann og brosir, ekki ósvipað og spenntur strákur sem er að fara að taka utan af stórum jólápakkum.“

gunnar@frettabladid.is

Nýjung í ræstingum

Unilav ræstitæki með 40 cm moppugrind

Á tilboði

purr- og blautmoppað með sama áhaldinu



Auðveld áfylling, einfalt í notkun



Sérlega handhægt

**6.996 kr.**

Rekstrarvörur

- vinna með þér



Réttarhlási 2 • 110 Reykjavík

Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665

sala@rv.is • www.rv.is

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ÁSA BJÖRK ÓLAFSDÓTTIR FRÍKIRKJUPRESTUR**Börnin glöð og mammán vígaleg**

„Það er flest gott að fréttá,“ segir Ása Björk Ólafsdóttir, fríkirkjuprestur í Reykjavík. „Það er mikil að gera í kirkjustarfinu og márgt nýtt í gangi.“

Ég var m.a. ráðin til safnaðaruppbryggjingu og nú erum við að fara af stað með æskulýðsstarf og 12 spora hóp. Hvort tveggja hefst í byrjun nóvember. Ég held að fyrsta árið í starfi sé erfiðast. Ég var reyndar búin að vera kirkjuvörður í Fríkirkjunnar í rúm þrjú ár, en betta er annars konar ábyrgð. Það er minna rými fyrir mistök núna. Ég horfi bjartsýn til vetrarstarfsins

og persónulífsins. Börnin míni vaxa og dafna og það eru alltaf að koma í ljós nýr og nýr hæfileikar. Þau taka þátt í mörgu og vilja helst sigra allan heiminn. Börnin míni eru óskaplega glöð og fyrir það má þakka á hverjum degi. Það er alls ekki sjálfsagt að börn séu glöð og það er mikil gjöf. Guð er góður! Ég er að gera upp íbúðina hjá mér og það er mjög skemmtilegt, gaman að taka ákvárdanir í þessari íbúð sem er mjög góð í grunninn. Ég bý nálægt miðbænum sem er yndislegt. Ég gekk í gegnum borgina aðfaranótt sunnudags. Það abbaðist enginn upp á mig enda er ég svo vígaleg.“

DAGATAL:**NAKTIR
ÚTFARARSTJÓRAR**

Útfararstjóri í Kaliforníu vildi jarða þá skoðun að bandarískar útfararstofur væru fullar af húmorlausum dauðyflum. Þess vegna gaf hann út dagatal sem sýnir létklædda útfararstjóra sitja fyrir brosandi í kirkjugörðum. Hann auglýsti eftir fyrirsætum í stéttarfélagsblaðinu og fékk 276 umsóknir. Sumir áttu reyndar erfitt með að brosa þegar til kastanna kom og tveir útfararstjórar frusu hreinlega fyrir framan myndavélina.

**Beðið eftir græna ljósinu**

SIGURÐUR G. NJÁLSSON SKIPSTJÓRI UM BORD Í HVAL 9 Nýkominn frá Spáni en óneitanlega spenntur fyrir því sem koma skal.

FRÉTTABLAÐIÐ/GLH



STARFSSTÚLKA OLÍUDREIFINGAR Sagði stemninguna ótrúlega um bord.

FRÉTTABLAÐIÐ/GLH



RYÐGAÐAR HJARIR SMURÐAR Að mörgu þarf að dytta eftir sautján ára landlegu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GLH



REYKHÁFURINN SPÚIR Á NÝ Sigla átti Hval 9 upp í Hvalfjörð.

FRÉTTABLAÐIÐ/GLH

Köngólarvefirnir rosalega vinsælir

Halloween – Hrekjkavaka – er 31. næstkomandi og verður haldin hátið leg um allan heim, mest í Bandaríkjunum. Á þessum degi gengur allt út á hrylling, búninga og skraut og krakkar ganga í hús og sníkja nammi. Hér-lendis hefur Hrekjkavakan ekki náð almennumlegri fótfestu ennþá, en það er allt að koma segja Gylfi Þórisson og Katrín Lilly Magnúsdóttir í Partybúðinni á Grensásvegi.

„Hrekjkavukonseptið er dálitið að reiki hérrá á Íslandi,“ segir Gylfi. „Það var t.d. allt klikkad að gera núna fyrir föstudaginn þrettánda, en svo er fólk bara að halda hrekjkavókupartí úti um allan bæ í október.“

Í boði er fjölbreytt úrvál fyrir hrekjkavókupartíð. „Köngólarvefirnir eru rosalega vinsælir og plastbeinagrindurnar. Við erum með 15 metra langa plastdúka sem breytu stofunni þinni í kirkjugarð og purrisinn er mjög vinsæll til að búa til nornareyk. Fólk skellir þessu í bolluglasið eða lætur þetta líða um stofuna.“

Partíbúðir sem þessar eru mjög vinsælar í Bandaríkji-



GYLFÍ ÞÓRISSON OG KATRÍN LILLY MAGNUÐÓTTIR Í PARTÝBÚÐINNÍ Það var enginn að sinna þessu svo við tókum það að okkur. Þetta eru langmest amerískar vörur sem við bjóðum upp á en við erum bara með brot af því sem fæst þar. Sem dæmi getum við nú boðið upp á 22 þemu fyrir barnaafmæli, en fyrirtækið sem við skiptum við úti er með 18 þemu.

Þegar hrekjkavókudæminum lýkur verða áramótin næstí stóri viðburðurinn á dagskrá hjá okkur. Þegar nær dregur leggjum við búðina undir vörur sem tengjast áramótunum.“

Gylfi og Katrín eru í útrás og hafa stofnað heildverslununa Sel. Þau stefna að því að byrja að dreifa partívörum í stórvæslanir bráðlega. Í samvinnu við Latabæjarveldið byrja þau líka bráðlega að bjóða upp á Latabæjarpartývörur – diska, glös, blöður o.s.frv. – en þótt ótrúlegt sé hafa slíkar vörur ekki fengist til þessa.

- glh

FORSALA HAFIN Á EINA STÆRSTU MYND ÁRSINS!

„Vardveit líf mitt
fyrir ógnum óvinarins“

BYGGÐÁ METSÓLUBÓK ARNALDAR INDRIÐASONAR

MÝRIN

KVIKMYND EFTIR BALTASAR KORMÁK

VELJIÐ SÝNINGARTÍMA OG KVIKMYNDAHÚS SEM YKKUR HENTAR - TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Í TÍMA - FORÐIST BIÐRAÐIR.



FÖSTUDAGUR 20. OKTÓBER

SÝND KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10
SÝND Í LÚXUS 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10

LAUGARDAGUR 21. OKTÓBER

SÝND KL. 1.30 - 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10
SÝND Í LÚXUS KL. 1.30 - 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10

SUNNUDAGUR 22. OKTÓBER

SÝND KL. 1.30 - 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10
SÝND Í LÚXUS KL. 1.30 - 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10

ATH: UPPELT Á SÝNINGAR MERKTAR RAUDU



FÖSTUDAGUR 20. OKTÓBER

SÝND KL. 6 - 8.30 - 10.30

LAUGARDAGUR 21. OKTÓBER

SÝND KL. 3.40 - 6 - 8.30 - 10.30

SUNNUDAGUR 22. OKTÓBER

SÝND KL. 3.40 - 6 - 8.30 - 10.30

ATH: UPPELT Á SÝNINGAR MERKTAR RAUDU



FÖSTUDAGUR 20. OKTÓBER

SÝND KL. 4 - 6 - 8 - 10

LAUGARDAGUR 21. OKTÓBER

SÝND KL. 4 - 6 - 8 - 10

SUNNUDAGUR 22. OKTÓBER

SÝND KL. 4 - 6 - 8 - 10



FÖSTUDAGUR 20. OKTÓBER

SÝND KL. 5 - 7 - 9 - 11

LAUGARDAGUR 21. OKTÓBER

SÝND KL. 3 - 5 - 7 - 9 - 11

SUNNUDAGUR 22. OKTÓBER

SÝND KL. 3 - 5 - 7 - 9 - 11



FÖSTUDAGUR 20. OKTÓBER

SÝND KL. 6 - 8 - 10

LAUGARDAGUR 21. OKTÓBER

SÝND KL. 4 - 6 - 8 - 10

SUNNUDAGUR 22. OKTÓBER

SÝND KL. 4 - 6 - 8 - 10

FÖSTUDAGUR 20. OKTÓBER

SÝND KL. 6 - 8 - 10

LAUGARDAGUR 21. OKTÓBER


SÝND KL. 4 - 6 - 8 - 10

SUNNUDAGUR 22. OKTÓBER

SÝND KL. 4 - 6 - 8 - 10

Svona erum við

> Magn blandaðs heimilisúrgangs



baksvið

fréttir og fróðleikur

SPURT & SVARAÐ

HVALVEIÐAR HAFNAR Á NÝ

Vöðvar hnyklaðir

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegssáðherra tilkynnti á Alþingi í gær að atvinnuveiðar á hval yrðu hafnar á ný. Ásbjörn Björgvinsson er formaður Hvalaskoðunarsamtakanna.

Hvernig leggst þetta í þig? Að sjálfsögðu leggst þetta illa í mig. Ég skil ekki hvað mönnum gengur til með þessu.

Hvers vegna heldur þú að þetta sé gert? Þetta virðist aðeins vera til þess að storka öðrum þjóðum, hnykla vöðvana og þykjast vera eitthvað í augum þjóða sem eru okkur mjög miklvegar í viðskiptum og samskiptum. Það eru engar efnahagslega forsendur fyrir þessu og ég óttast mjög hvaða áhrif þetta kann að hafa.

Hvers vegna ekki hval eins og önnur dýr? Það að fara í stórhvalaveiðar er allt annað en vísindaveiðar á hreñnu. Fólk áttar sig ekki á því að hvalir eru nýttir í dag með hvalaskoðun. Það er sjálfbær nýting. Hvalveiðar hafa enga burði til að keppa við hvalaskoðun út frá efnahagslegu sjónarmiði. En þær geta skemmt fyrir.

ÁSBJÖRN BJÖRGVINSSON
Formaður Hvalaskoðunarsamtakanna.

Samstarfið gæti gagnast hernum



MARGARET LEINEN Aðstoðarforstjóri jarðvísindadeilda NSF kom til landsins á dögum og undirritaði viljayfirlýsingum um aukið samstarf bandarískra og íslenskra vísindamanna.

Samstarf Rannsóknarmiðstöðvar Íslands og Bandarísku vísindastofnunarinnar hófst árið 1996 og var komið nokkuð á skrið þegar Madeline Albright, þáverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, kom til landsins árið 2000. Það undirritaði hún minnisblað, ásamt þeim Birni Bjarnasyni og Halldóri Asgrímssyni, um samstarf á svíði vísinda. Viljayfirlýsingin sem var undirritað nú á dögum er beint framhald af minnisblaðinu og er lýst sem rammasanmingi til að dýpka samstarfið enn fremur.

Margaret Leinen, aðstoðarforstjóri jarðvísindadeilda NSF kom til Íslands á dögum til að undirrita fyrir bandarískra nemendum til að kynna nokkrum hinna dásamlegu uppgraftarstaða íslenskra fornleifa, "segir Leinen. Einnig eru nokkur samstarfsverkefni í jarðvísindum og rannsóknarinnar að svíði andrúmslofta og sjávar. „Staða Íslands á Mið-Atlantshryggnum er einstök og svæðið er því spennandi fyrir jarðvísindamenn,“ segir Leinen og bætir við: „Vonandi eykst samvinnan, því Íslendingar standa framallega á fjölmörgum svíðum öðrum en jarðvísindalegum og í fornleifafræði. Geta ykkar í erfðavísindum og líffræði er gríðarmikil og við erum áhugasöm um tækifæri til samstarfs þar. Einnig í örtaekni og frumhönnun efna, það er hvernig megi búa til ný efni.“

uppgötvunar þeirra, sem gerðar yrðu innan rammasamningsins, verði áframeldar til hersins. „Hvert land hefur sínar reglur um hugverk, þannig að gerðu Íslendingar uppgötvunar í t.d. örtaekni, væru þær uppgötvunar verndaðar af lögum ykkar um hugverk. Það yrði ávallt háð samþykki eiganda hugverksins hvort hann deildi þessari uppgötvun með Bandaríkjum.“

Styrkveitingar NSF veikja ekki þetta sjálfssákvörðunarvald íslenskra vísindamanna, að sögn Leinen, enda styrki stofnunin eingangis Bandaríkjamennina, en Rannís veiti fé til Íslendingana. „Hvað gert verður við afurð samstarfsins þarf að fastbinda í uppahafi þess.“

KLEMENS ÖLAFUR PRASTARSKR
klemens@frettabladid.is

NATIONAL SCIENCE FOUNDATION

NSF var sett á laggirnar árið 1950 og segir á heiminsáðum stofnunarinnar að tækninýjungarnar sem stuðluðu að sigri Bandamanna í seinni heimsstyrjöldinni, til dæmis penisillín, nádarkveikjan (sjálfvirkur sprengipræðu í eldflaugum) atómsprengjan og fleira, hafi sýnt fram á nauðsyn vísindarannsóknana fyrir velferð landsins. Því er NSF alríkisstofnun sem heyrir beint undir þingið. Henni eru útluthaðir 380 milljarðar króna á ári til að styrkja menntun og frummannsóknir í vísindagreinum á háskólastigi. Helstu markmið NSF eru „að Bandaríkin viðhaldi forystuhlutverki sínu í uppgötvunum á svíði vísinda og við þróun nýrrar tækni“, og að stuðla að bættri heilsu og almennri velferð Bandaríkjumanna og að tryggja varnir þjóðarinnar.

Heimilisryksugur

Aflmiklar og hljóðlátar

Frábær hönnun



RAFVER

SKEIFAN 3E-F · SÍMI 581-2333 · FAX 568-0215 · WWW.RAFVER.IS

FBL-GREINING: MANNFJÖLDAPRÓUN Í HEIMINUM

Fjölgunin nær öll í þróunarlöndum

Samkvæmt mannfjöldaspá Sameinuðu þjóðanna mun íbúafjöldi jarðarinnar vaxa um 2,6 milljardar fram til ársins 2050, út 6,5 milljörðum nú í 9,1 milljarðar þá. Nær öll þessi fólkfjölgun mun eiga sér stað í þróunarlöndum. Íbúafjöldi þeirra er nú um 5,3 milljarðar en hann mun vaxa í um 7,8 milljarða um miðja öldina. Hins vegar er útlit fyrir að íbúafjöldi þróðasta hluta heimsins standi í stað, en þar búa um 1,2 milljarðar manna.

Hvar verður fjölgunin mest?

Í 50 minnst þróðu löndum heims er gert ráð fyrir að íbúafjöldinn meira en tvöfaldist á þessu tímabilum, úr 800 milljónum í um 1,7 milljarða. Fjölgunin í öðrum þróunarlöndum er líka talin verða mikil, en þó ekki eins hröð. Í þessum löndum muni fólk fjlga úr 4,5 milljörðum í 6,1 milljarðar árið 2050.

En minnst?

Í 51 landi, sem nær öll teljast til þeirra þróðuðustu, er því spáð að íbúafjöldi verði minni árið 2050 en hann var árið 2005. Þannig er gert ráð fyrir að í þeim 27 Evróplöndum, sem munu fylla raðir ESB frá næstu áramótum, muni fólk fækka úr 482 milljónum í 454 milljónir. Mest verði fækkunin í Rússlandi, Japan, Þýskalandi, á Ítalíu og Spáni. Í mórgum þessara landa er fæðingartíðni nú orðin lægri en nokkru sinni áður í mannkynssögunni, eða undir 1,3 börnum á hverja konu. Hlutfallið þarf að vera nærr



2,1 til að jafnmargir fæðist og deyja.

Hvar er fæðingartíðin hæst?

Á tímabilinu 2000-2005 var fæðingartíðni í 35 löndum yfir 5 börn á konu. Af þessum löndum eru 30 þau allra vanþróðustu í heiminum. Flest eru þau í Afríku sunnan Sahara. Það hefur hægar dregið úr fæðingartíðni í þessum löndum en mannfjöldafraðingar áttu von á, en þeir gera þó ráð fyrir að hún mun lækka um nærrí helming í þessum löndum á næstu 45 árum, niður í um 2,57 börn á konu.

HANDAN SIÐAREGLNA

Siðareglur íslenskra vísindamanna taka ekki afstöðu til þess hvort afrakstur rannsóknarstafnsins verði notaður til hernaðar.

Páll Vilhjálmsson, upplýsingafulltrúi Rannís, segir ekkert í númerandi reglugerðum sem taki á því hvort vísindamenn selji afrakstur vinnunarr til hergagnaframleiðslu. Það hafi ekki verið til umræðu hvorki hjá Rannís né Vísinda- og tækniráði.


Dr. Björn Rúnar Lúðviksson, formaður Vísindasíðaneftndar, telur oftast voniltið frá sjónarhorni vísindamannsins að meta hvort einhver þriðji aðili noti niðurstöður rannsóknar í vafasömmum tilgangi. Eini varnaglinn út frá sjónarholi Vísindasíðaneftndar sé sá að þeir sem stundi rannsóknir á fólk fyrir að sækja um til nefndarinnar og útlokað sé að

Leinen undirstrikar að vísindamennirnir sjálfir ráði því hvort

hún veiti leyfi til rannsóknar sem hafa það að markmiði að drepa aðra.

Magnús Diðrik Baldursson heimspekingur segir sölumeiðis að ekki sé kveðið á um það berum orðum í siðareglum Háskóla Íslands hvort vísindastarf innan skólans megi nýta til hergagnaframleiðslu. Reglurnar séu þó í endurskoðun og hugsanlega verði siltt ákvæði tekið inn í þær. Málid sé snúið vegna hins almenna eðlis siðareglina, sem orði fremur prinsip heldur en bein boð eða bönn.

Ekkert er heldur í siðareglum verkfræðinga um hernaðarmannvirki né hernaðartól, að sögn **Guðmundar G. Þórarínssonar**, en hann er formaður siðaneftndar verkfræðinga. Þær reglur snúið meira að samskiptum verkfræðinga í milli og ýmsum faglegum atriðum.



Við rúllum samkeppninni upp!

Fréttablaðið er **mest lesna dagblað landsins** skv. nýrri könnun Capacent Gallup.

Fréttablaðið hefur verulegt forskot á samkeppnisaðila sína miðað við meðallestur á tölvublað hjá öllum aldurshópum (12-80 ára) á öllu landinu. Við erum bæði þakklát og stolt og bendum auglýsendum á að notfæra sér þessa vitneskju þegar þeir ákveða hvar auglýsingu þeirra er best borgið.

FRÉTTABLAÐIÐ

- Mest lesið



Bandaríkjamenn orðnir 300 milljónir:

Nýi heimurinn vex sá gamli hrörnar

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Bandaríkska hagstofan skráði í gær 300 milljónasta borgara Bandaríkjanna. Mannfjöldapróoun vestra og hér á Íslandi hefur lengi fylgzt að; íbúar Íslands urðu 300.000 í byrjun þessa árs. Það hlutfall hefur þannig haldizt óbreytt að Bandaríkjamenn séu réttum þúsund sinnum fleiri en við Íslendingar.

En Ísland er nú eina Evrópuríkið sem á síðustu árum hefur haldið í við íbúafjölgunina vestanhafs. Fæðingartíðni er svo lág í flestum löndum Evrópu að útlit er fyrir að íbúum þeirra fækki umtalsvert á næstu áratugum, jafnframt því sem æ stærri hluti íbúanna verður á eftirlaunaaldrí. Samkvæmt mannfjöldaspá Sameinuðu þjóðanna, sem á síðustu áratugum hefur sýnt sig að vera býsna nákvæm, mun jarðarbúum fjölda ú um það bil sex milljörðum nú í 9,1 milljardar árið 2050. Á sama tímabili er hins vegar útlit fyrir að íbúum Evrópusambandsins, fækka úr 482 milljónum í 454 milljónir. Og það þratt fyrir að gert sé ráð fyrir stöðugum straumi innflyttjenda til „gómlu Evrópu“.

Á sama tímabili er því spáð að íbúum Bandaríkjanna fjölgi í um 420 milljónir.

Fæðingartíðni er svo lág í flestum löndum Evrópu að útlit er fyrir að íbúum þeirra fækki umtalsvert á næstu áratugum.

Samkvæmt spá sem frönsk alþjóðamálastofnun gerði árið 2003 mun meðalhagvöxtur í Evrópulöndunum verða að meðaltali um eitt prósent á ári fram að miðri þessari öld, en yfir 2 prósent í Bandaríkjum og að minnsta kosti 2,5 prósent í Kína. Í skýrslu sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tók saman nýlega segir enn fremur, að í það stefni að opinberar skuldir í aðildarríkjum vaxi úr 63 prósentum af vergri landsframleiðslu nú í um 200 prósent árið 2050, ef stjórvöld grípa ekki tafarlaust til aðgerða til að sporna við fjárlagahalla og draga úr ríkisábyrgðum á eftirlauna- og velferðarkerfum aðildarríkjanna.

Í Rússlandi og Japan er últið enn svartara. Íbúafjöldi Japans er nú sagður hafa náð hámarki, 127 milljónum, og muni lækka niður fyrir 100 milljónir fyrir miðja öldina. Þetta þýðir 30 milljónum færri vinnufæra borgara á sama tíma og fjöldi folks á eftirlaunaaldrí nærri því tvöfaldast. Í Rússlandi fækkar íbúum nú um 700.000 á ári. Ópinberar mannfjöldaspár gera ráð fyrir að Rússar verði einhvers staðar á bilini 80 til 100 milljónir um miðja öldina, en þeir eru um 146 milljónir nú.

Í niðurstöðu frönsku skýrslunnar sem vitnað er til hér að fram-an er suð ályktun dregin að Evrópa stefni „hægt, en óafstýranlega að feigðarói“. Eflaust er þetta óþarflega svört lýsing, og aldrei að vita nema Evrópumenn eigi eftir að taka við sér í barneignum. En þessar mannfjöldaspár eru þörf áminning um að ekkert samfélag á sér bjarta framtíð nema það viðhaldi heilbrigðri frjósemi. Að þessu leyti hefur „Nýi heimurinn“ ótvíraett forskot á þann gamla.

FRÉTTABLAÐID

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson ABSTODARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Andís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björk Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚAR RITSTJÓRA: Björvin Guðmundsson og Páll Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili að höfuðborgarsvæðinu. Akureyri og þéttbyggðsvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er haft að blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efnir blaðsins í stafrænu formi og í gagnabónum án endurgjals.

issn 1670-3871

Nýtt Dalegarn prjónablað

Prjónauppskriftir með íslenskum leiðbeiningum



Skólovörubúðin

Smiðjuvegi 5 • 200 Kópavogur • Sími 585 0500 • www.skola.is
Opið virka daga kl. 9-18 og á laugardögum kl. 10-14

FRÁ DEGI TIL DAGS

Kept við sjálfan sig

Gríðarleg velta hefur verið að mál-verkamarkaði undanfarið og hef sala á verkum íslensku meistaranna á uppboðum í Kaupmannahöfn og í Reykjavík undanfarinn hálfan mánuð verið yfir 150 milljónum. Ekki er þó víst að öll kaupin hafi verið jafn skynsöm. Á uppboði hjá Bruun Rasmussen í Kaupmannahöfn í síðustu viku sat þekktur íslenskur athafna-maður og bauð í litla og ekki tilþrifamikla mynd eftir Kjarval. Alltaf varð einhver til að bjóða á móti athafna-manninum sem ekki gaf sig og svo fór að myndin var



honum slegin á 33 þúsund krónur danskar. Ásóknin í myndina vakti furðu með manninum eða allt þar til rifjaðist upp fyrir honum að sjálfur hafði hann lagt inn forboð í myndina sem myndi hætta í 32 þúsundum króna.

Allt plögg vel begið

Algjört auglýsingabann er við lýði meðal prófkjörskandidata Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi. Margir hafa glott við tönn við þessar fregnir, því meðal þeirra sem keppa um sæti á lista er tónlistarmaðurinn Jakob Frímann Magnússon. Jakob Frímann tók þátt í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík fyrir síðustu kosningar og auglýsti þá gríðarlega. Var um það

talað eftir prófkjörið að líklega hefði þetta verið dýrasta 10. sæti íslenskra prófkjöra, en hann stefndi nokkuð hærra; að 2. til 3. sæti.

...og líka umfjallanir um hleranir

Árni Páll Árnason er einn þeirra sem keppist um sæti ofarlega á lista Samfylkingarinnar í Kraganum. Sem lítið þekktur frambjóðandi hefur hann komist vel í kring um auglýsingabannið með nokkuð stöðugri umfjöllun fjlömiðla nú um hleranir. Spurning er hvort aðrir frambjóðendur sitji nú heima við og eigi þess enga ósk heitari en að þeirra símar hafi líka verið hleraðir.

svanborg@frettabladid.is



Að hlera – og bagga



ÓLAFUR HANNIBALSSON
Í DAG | Nýr varnarsamningur

ráðherrum í ríkisstjórninni án umboðs frá Alþingi.

Foryustum stjórnarflokkanum endurtaka hér sömu vinnubrögðin og þeir viðhöfðu pegar nafn Íslands var dregið inn í stríðsrekstur í Írak með því að skipa Íslandi á lista hinna vígfusú þjóða gegn vilja allt að 85% þjóðarinnar, án þess samráðs við utanríkismálanefnd alþingis sem þingskóp mæla fyrir um, án nokkurs umboðs frá þinginu og að þjóðinni gersamlega forspurðri.

„Petta býður heim pólitískum ofskónum af því tagi sem viðgengust á tímum kalda stríðsins.“

Pjóðarhreyfingin mótmælir þeirri leynd sem hvílir yfir stórum hluta sammningsins, sem gerir varnir Íslands og öryggismál að einkamáli tveggja eða þriggja ráðherra og embættismanna bandarískra hernaðar- og lögreglu-virfvalda.

Pjóðarhreyfingin mótmælir því einnig að í milliríkjasamningi af þessu tagi sé að finna skuldbindingar um að Alþingi komi á með lögum leynilegum stofnunum, sem frá upphafi er ætlað að starfa náið með bandarískum stofnunum að greiningu mála eins og „landráða-starfsemi“ og „starfsemi sem beinist gegn stjórnskipulagi ríkisins“. Petta býður heim pólitískum ofskónum af því tagi

sem viðgengust á tímum kalda stríðsins. Pjóðarhreyfingin telur að Alþingi beri að meta þórfina á starfsemi slíkra stofnana út frá hagsmunum Íslands sem fullvalda ríkis einvörðungu og telur að samstarfi við sambærilegar stofnana erlendis beri að skipa eftir eðli máls hverju sinni, án sérstakra lagafyrir mæla fyrir fram um náið samstarf við bandarískar sendiráði og bandarískar leyniþjónustur eða hernaðaryfirvöld.

Pjóðarhreyfingin telur að með samningi þessum hafi verið stigð stórt óheillaskref til framsals íslensks valds í hendur stofnana þess stórveldis sem um þessar mundir er talid helsti ófriðarvaldur í heiminum samkvæmt nýlegum kónumnum virtra bandarískra stofnana á viðhorfum til Bandaríkjanna meðal almennings um allan heim, og varar sérstaklega við því að tengja íslensku Landhelgisgæsluna hernaðarvöld Bandaríkjanna.

Pjóðarhreyfingin telur að óryggi íslenskrar þjóðar best borgið með vinsamlegum samskiptum Íslands og Bandaríkjanna sem jafnrétt-hárra ríkja. Það er besta vörn Íslands í „stríðinu gegn hryðju-verkum“.

Pjóðarhreyfingin tekur því undir þá skoðun tveggja fyrverandi utanríkisráðherra, þeirra Jóns Baldvins Hannibalssonar og Davíðs Oddssonar, að við þessi tímamót hefði átt að nýta uppsagnaríkvæði varnarsamningsins við Bandaríkin og treysta á þá vernd sem aðild að NATO veitir með því að áras á hvært eitt aðildarríkja þess telst áras á þau þó.

Pjóðarhreyfingin skorar því á númerandi stjórnarandstöðuflokka að lýsa því yfir nú þegar, að myndi þeir ríkisstjórn eftir kosningar að vori, verði varnarsamningnum sagt upp með það fyrir augum að sambúð Íslands og Bandaríkjanna komist í eðilegt horf svo sem hæfir sambandi tveggja sjálfstæðra og fullvalda ríkja.“

Sannleikur í stað uppspuna

UMRÆÐAN

Hleranir

Umraður síðustu daga og vikna um atburði haldar síðan grunsemdir um símahleranir innan utanríkisráðuneytisins hafa borið þess greinileg merki, að sannleiksstástin er ekki alfta höfð að leiðarljósí. Eitt dæmi um það er grein eftir Árna Pál Árnason, frambjóðanda í prófkjöri Samfylkingarinnar, hér í Fréttablaðinu hinn 17. október.

Frambjóðandinn ber mig ranglega þeim sökum að vilja ekki ræða mál tengd kalda stríðinu eða hleranir. Um langt árabíl hef ég hvatt til þess, að allt verði upplýst varðandi þessi mál. Ég var eindregin til talsmaður þess síðastliðið vor, að alþingi sambykkti ályktun um skipan sérstakrar nefndar til að kanna skjöl frá tímum kalda stríðsins og tryggja aðgang að þeim. Ég studdi það einnig eindregið við upphaf þessa þings, að þessi nefnd fengi lögbundið umboð til að vinna starf sitt. Ég fagna því, að Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntamálaráðherra skuli hafa úrskurðað á þann veg, að bjóðskjalaverði beri að taka beiðni Kjartans Ólafssonar um aðgang að hugsanlegum gögnum um hann til endurskoðunar. Ég tel einnig skynsamlegt og heppilegt, að Bogi Nilsson ríkissaksóknari skuli hafa falið



BJÖRN BJARNASON

Ólafi Haukssyni, sýslumanní á Akranesi, að rannsaka á grundvelli laga um meðferð opinberra málá, hvad býr að baki orðum Jóns Baldvins Hannibalssonar og Árna Páls Árnasonar um, að símar þeirra hafi verið hleraðir, þegar þeir störfuðu í utanríkisráðuneytinu.

Ég tel þetta allt stuðla að því að upplýsa mál og skýra og hafna því algjörlega sem ósönum áburði, að ég éda aðrir sjálfstæðis-menn hafi reynt að bregða fæti fyrir, að þessi mál séu rædd og upplýst.

Ef frambjóðandinn telur, að ég vilji halda hlífiskildi yfir einhverjum, sem brutu á rétti hans með ólögmætu athæfi, er enn verið að gera mér upp skoðanir og það algjörlega að tilefnislausu. Að þetta skuli gert í grein, þar sem frambjóðandinn vill sérstaklega draga fram eigin sannleiksást gerir málflutninginn grátbroslegan.

Pettra eru ekki góð fyrstu skref á stjórnmalabraut, ef frambjóðandinn vill, að mark tekið sé á orðum hans. Ég hef fært lyktir kalda stríðsins sé enn halðið dauðahaldi í ymsar umræðuvenjur þess tíma – mér sýnist Árni Páll Árnason gera það með dylgjum og hreinum uppspuna í þessari makalausum grein sinni.

Höfundur er dóms- og kirkjumálaráðherra.

ÁHERSLA Á VELLÍÐAN

Í SKÓLA

Hin filippseyska Fe Galicia Isorena er að hefja fjórða veturn sinn sem íslenskukenndari

NÁM 6



ENDAR Í 600

HESTÖFLUM

Gerbreyttur Grand Cherokee jeppi

BÍLAR 4



allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT HITT

[BÍLAR NÁM FERÐIR]

Vetrardekkir eru næstu mál á dagskrá bífreiðaeigenda. Nagladekkir eru leyfð frá 1. nóvember á hvert. Upplýsingar um vetrardekk og undirbúning fyrir vetrarakstur er að finna á www.fib.is



Grænland er kannski ekki það land sem íslendingum dettur í hug þegar skreppa á í helgarferð. Það er alltaf gaman að gera eitthvað nýtt og því tilvalið að skjótast til Grænlands, klæða sig vel og njóta stórbrottnar náttúru í friði og ró. Flugfélag Íslands býður upp á reglulegar ferðir til Narsarsuaq og Kulusuk á Grænlandi.

Polar Radio er samnorrænn hópur þáttargerðarmaðra sem gengst fyrir því að kenna unglögum að vinna heimildajætti og hljóðfrásagnir fyrir útvarp. Í byrjun október opnadrí i Norræna húsinu sýning á afrakstri þess starfs, í myndum en þó umfram allt hljóðum. Sýningin er opin út október alla virka daga frá kl.9.00-17.00 og frá kl.12.00-17.00 um helgar. sjá nánari upplýsingar www.nordice.is

GÓÐAN DAG!

Í dag er miðvikudagurinn
18. október, 291. dagur
ársins 2006.



Sólarupprás Hádegi Sólarlag
Reykjavík 8.26 13.13 17.58
Akureyri 8.16 12.58 17.37

Heimild: Almanak Háskóla

Dagmar Björnsdóttir er ánægð með námið sem hún er í.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Dagmar Björnsdóttir er nemi í Verkefnastjórnun - leiðtogaþjálfun er kennið frá byrjun september til lok mars. „Þetta er mjög þægilegt því það er bara kennt í september, október og nóvember og janúar, febrúar og mars. Það er kennt alla mánuðaga frá fjögur til átta og annan hvern þriðjudag. Auðvitað er þetta tölverð vinna en alveg viðráðanlegt,“ segir Dagmar.

Um fjörutíu manns eru í hópnum í veturn með Dagmar. „Margir af þeim sem eru með mér í bekk eru í stjórnunarstöðum en þetta nám nýtist manni sama hvað maður er að gera,“ segir hún.

Verkefnastjórnun - leiðtogaþjálfun er kennið í lotum svo farið er í eitt fag í einu. „Við erum núna búin með fyrsta fagið af fjórum á þessari önn en það var verkefnastjórnun. Við fórum meðal annars í stefnumótun fyrir fyrirtæki og það var mjög gott að læra fræðin sem liggja á bak við hana. Mér líst bara vel á þetta nám og finnst það mjög skemmtilegt,“ segir Dagmar.

Verkefnastjórnun - leiðtogaþjálfun er kennið frá byrjun september til lok mars. „Þetta er mjög þægilegt því það er bara kennt í september, október og nóvember og janúar, febrúar og mars. Það er kennt alla mánuðaga frá fjögur til átta og annan hvern þriðjudag. Auðvitað er þetta tölverð vinna en alveg viðráðanlegt,“ segir Dagmar.

emilia@frettabladid.is

Að auka færni vinnandi fólks

OPIÐ MÁLÞING UM NÁMS-OG STARFSRÁÐGJÖF ER Á MORGUN Í NORRÆNA HÚSINU KLUKKAN 13 TIL 16.30.

„Ég mun leggja áherslu á að kynna nýjar leiðir til náms sem fólk í vinnmarkaðinum stendur til þoða,“ segir Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Hún er ein af mörgum fyrirlæsurnum á málþinginu í Norræna húsinu. Ingibjörg bendir á að í síðustu kjarasamningum hafi verið ákvæði um náms-og starfsráðgjöf á vinnustöðum og loforð um styrki til handa þeim sem nýti sér starfstengt nám.

Nú sé verið að ýta þeiri starfsemi í gang. „Markmiðið er að það fólk á vinnumarkaðnum sem af einhverjum ástæðum hætti í skóla á sínum tíma eigi kost að auka færni sína og afla sér viðbótarþekkingar.

Þetta gerbreyttir stöðu vinnandi fólks og þetta breytir líka stöðu þeirra sem sinna náms-og starfsráðgjöf því nú eiga þei að fara út í fyrirtækini í stað þess að vera einungis til viðtals þegar einhver leitar til þeirra. Þeir þurfa að setja sig inn í ólíkar aðstæður en starf þeirra mun koma bæði fyrirtækjunum og einstaklingum til góða.“



Ingibjörg E. Guðmundsdóttir er ein þeirra sem heldur erindi á málþinginu.

MAZDA CX-7

Framúrstefnuleg hönnun og afþurða aksturseiginleikar

Fjórhljóladrifinn bíll sem sameinar kosti alvöru jeppa og rúmgóðs fjölskyldubíls.



Kraftmikil 2.3 L. Turbo intercooled, 16 ventla, 4 cyl. vél sem skilar 244 hestöflum, 6 þrepa sjálfskipting o.fl. Staðalbúnaður m.a. spólvörn og stöðugleikakerfi.

X4
ehf.

Opíð virka daga kl. 10-18:30
Laugardaga kl. 12-16

Zja ára verksmiðjuábyrgð - Þjónustuaðili: Ræsir hf.
Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500 - Netfang: x4@x4.is

Komdu og reynsluaktu!

www.x4.is

Olía margir eiga það til að gleyma því að athuga óliuna á bílum sínum. Sérstaklega þeir sem nýta sér sjálfsafgreiðsluna á bensínstöðvum. Láttu athuga óliuna næst þegar þú rennir við á bensínstöð.



Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Réttu **taekin** í verkð! Rafmagnslyftarar
Staflarar Handlyftarar

CLARK THE FORKLIFT

HELI

STURLAUGUR & CO

Fiskislóð 14
101 Reykjavík
Sími: 551 4680
www.sturlaugur.is



Langan tíma getur tekið að hreinsa kalda bíla á snjóþungum vetrarmorgnum.

Gott start inn í veturinn

Á köldum vetrarmorgnum getur langur tími farið í það að skafa bílinn og ná hita í hann áður en haldið er af stað út í umferðina. Við þessar aðstæður getur fjarstartbúnaður komið sér vel en hann má meðal annars fá í Nesradíóí.

Guðmundur Ragnarsson í Nesradíóí segir að nú þegar haustið er komið sé sala á fjarstartbúnaði farin að aukast. „Fjarstartbúnaður er vertíðarvara og núna setjum við nokkra í á dag. Salan byrjar í sept-

ember þegar kólnar aðeins og nær svo hámarki í svona febrúar, mars.“ segir hann.

Fjarstartbúnaður, kominn í bílinn, kostar þrjátíu og fimm þúsund í Nesradíóí. „Búnaðurinn gengur aðeins í sjálfskipta bíla. Hann er forritaður þannig að bíllinn gengur í tuttugu og fjórar mínutur en ef enginn kemur út þá slekkur hann á sér eftir þann tíma og fer í fyrra ástand. Fjarstýringin dregur sirkar þrjú til fimm hundruð metra og þú þarf eiginlega að sjá bíllinn til þess að hún virki örugglega.

Um leið og þú setur bíllinn í gang kvíknar á stöðuljósunum og þau loga á meðan hann er í gangi.

Bíllinn þarf náttúrulega að vera stilltur á „park“ og þú getur ekki sett hann í gang öðruvísi. Við setjum þetta ekki í beinskipta bíla því að það er ekkert mál að klúðra því og við viljum ekki að bíllinn keyri yfir einhvern eða á eitthvað.

Guðmundur segir að fólk þurfi að vera meðvitað þegar það er komið með fjarstartbúnað í bílinn og megi ekki láta bílana ganga endalaust. „Fólk þarf líka að athuga hvar bílarnir standa þegar það startar þeim svo að pústið blási ekki beint inn í kjallaraíbuðina við hliðina eða eitthvað svo-leiðis,“ segir hann.

emilia@frettabladid.is

SÉRHÆFD ÞJÓNUSTA FYRIR

Jeep **CHRYSLER** **DODGE**

BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI

Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

Sendum frítt um land allt!

Jeppadekk

Úrval af stærðum upp í 33" 31" heilsársdekk verð frá kr. 12.900

Við mikroskerum og neglum!

ALORKA

www.alorka.is Vagnhöfða 6 • Sími 577 3080

Úrval af stærðum upp í 33" 31" heilsársdekk verð frá kr. 12.900

Við mikroskerum og neglum!

ALORKA

www.alorka.is Vagnhöfða 6 • Sími 577 3080

Metanbílum Sorpu fjölgarð

PREMUR NÝJUM METANBÍLUM AF GERÐINNI VOLKSWAGEN CADDY HEFUR VERIÐ BÆTT VIÐ BÍLAFLOTA SORPU.

Metanbílar Sorpu eru nú sextán talsins en til stendur að fjölgu þeim enn frekar því fjórir metanbílar af gerðinni Volkswagen Touran verða teknir til notkunar á næstu vikum. Með hliðsjón af þessu eru nú um 50 tvíorkubílar á höfuðborgarsvæðinu, það er að segja bílar sem geta bæði gengið fyrir metani og bensini, auk fjögurra bíla, sem ganga eingöngu fyrir metani. Frá þessu er greint á heimasíðu Sorpu, www.sorpa.is.



-rve

Þrí metanbílar af gerðinni Volkswagen Caddy hafa þegar verið teknir í notkun hjá Sorpu.

Vertu tímanlega með vetrardekkjin

Októbertilboð Sólningar

15% afsláttur af öllum jeppa- og fólksbíladekkjum

15% afsláttur af allri dekkjaþjónustu.

Hægt er að panta tíma á netinu www.solning.is

Tilboðin gilda til 21. október.

SÓLNING

Kópavogur, Smiðjuvegi 68-70, sími 544 5000 | Njarðvík | Selfoss

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFNA



Vetur konungur er á næsta leiti. Ert þú tilbúin(n)?

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vetrarfærðin undirbúin

Ar eftir ár kemur veturinn okkur á óvart. Í petta skipti er ekki óvitlaust að vera viðbúinn.

Fyrsta vetrardag ber upp á næsta laugardag. Fréttir af hálku eru farnar að berast ofan af heiðum og það er ískyggilega kalt á morgnana þegar við leggjum af stað til vinnu. Hér eru nokkrir hlutir sem gott er að hafa á hreinu og í bílnum svo veturinn komi ekki aftan að manni.

Skafa
Skafa er öryggistæki. Ekki bíða með að finna hana aftur eftir sumarið. Það er mjög lítið spennandi að þurfa að leita, skafa og blóta því maður er allt of seinn í vinnuna á þriðjudagsmorgni. Vertu ekki of nisk(ur) þegar kemur að því að velja skófu því þú ert svo miklu fljótari að skafa með réttum verkfærðum og mun auðveldara er að gera það vel.

Rúðuþurrkur
Drullan sem fylgir slabbinu og slitið sem fylgir frostinu fer ekki vel með rúðuþurrkur. Þær þarf að skipta um reglulega því rétt eins og með sköfuna er um öryggistæki að ræða. Strjúktu reglulega yfir þær með tjörhreinsi, það lengir líftíma þeirra, og ekki hika við að skipta um séu þær lélegar.

**Dekk**

Tími sumardekkjanna er liðinn. Kominn er tími á náglana eða grófkorna dekk til að hlifa malbikinu. Tjara og önnur drulla vilja setjast á dekkin yfir vetrarmánuðina svo ágætt er að hreinsa þau með tjörhreinsi reglulega.

Fyrir stærri bíla og þá sem fara um varhugaverða vegi eru keðjurnar enn langbesta lausnin.

Frostlögur

Hann þarf að þola 26 gráðu frost og það þarf að vera nóg af honum. Hann á til að gufa upp á nokkrum árum svo það þarf að bæta reglulega á hann.

EKKI gleyma frostleginum í rúðupissinu heldur.

**Lásar**

Ef láss er frosinn er best að sprauta þar til gerðum lásaúða á hann. Pessir úðar fást á bensínstöðum og ekki er vitlaust að eiga eina slíka dós í þvottahúsini.

Endir engum kringumstæðum skaltu sprauta WD40 í lássinn. Sú smurning sem fyrir er skemmisst og lássinn getur fest og skiptir hitastigið þá engu máli.

Etanbílar eftirsóttir hjá Svíum

Töluverð aukning hefur átt sér stað á notkun etanbíla í Svíþjóð að undanförnu. Fjöldi slíkra bíla í eigu ríkisins hefur stóraust.

Umhverfisverndarsinnar horfa nú björtum augum til Svíþjóðar, þar sem etanol er talið vera metanol 21. aldarinnar. En hverjir eru kostir pess?

Yfirleitt eru tvennis konar rök almennt höfð fyrir því að nota metan- eða etanbíla fram yfir bensín- eða díselbíla. Í fyrsta lagi vilja ríki spara sér kostnaðinn við innflutning á bensini eða dísel með því að taka upp notkun metanol og etanol, sem er innlent eldsneyti.

Í örðu lagi eru metan- og etanbílar ekki nærri því eins mengandi og bensín- eða díselbílar, en samkvæmt tölum á heimaskópu Sorpu, www.sorpa.is, þarf til að mynda 38 bíla til að menga jafn mikið og aðeins einn bensinbíll.

Etanól er hins vegar talið hafa ymsa kosti fram yfir metanol, sem gæti aftur útskýrt vinsældir etanbíla í Svíþjóð. Samkvæmt samanburðarrannsóknum á þessu tvennu er metonal alítið eitraðra og orka



Frumgerð Saab Aero-X sem gengur fyrir etanol var sýndur á bílasýningu í Sviss fyrr á þessu ári.

bess rýrnar frekar við flutning og geymslu.

A móti kemur að metanol er talið vera hentugra til framleiðslu etanol, miðað við þau tæki og tóll sem við búum yfir í dag. Það er af sömu ástæðum talið vera ódýrara í framleiðslu heldur en etanol.

Með hliðsjón af ofangreindum

ástæðum er því erfitt að skera úr um hvort efnið er hentugra í notkun. Auk þess er enn margt ólært um notkun etanol sem bílaeldsneytis þrátt fyrir vinsældir í Svíþjóð og víðar, en vonandi munu frekari rannsóknir leiða í ljós að þar er framtíðareldsneyti á ferð.

-rve

Gæði á góðu verði Daewoo lyftarár



Partur-Spyrnan-Lyftarár • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557



Arctic Trucks jeppamiðstöð

Viðskipti með bréf í EADS eru næstum fullfrágengin en þróunarsjóðurinn mun aðeins halda í bréfin þar til annar þýskur fjárfestir lýsir yfir áhuga á því að kaupa þau.

Talsverður áhugi er á bréfum í EADS í Þýskalandi. Þýska vikuritið Der Spiegel segir 16 ríki þar í landi vilja sneið af kökunni og hefur eftir borgarstjóra Hamborgar í Þýskalandi um síðstu helgi að borgaryfirvöld hefðu sömuleiðis áhuga á að kaupa hlut í EADS.

Þá segir blaðið að tilgangur-



VÍD POTU FRÁ AIRBUS Michael Glos, fjármálaráðherra Þýskalands, vill að þjóðverjar auki við hlut sinn í EADS, móðurfélagi flugvélaframleiðandans Airbus. Hann segir eignarhlut KfW verða í eigu þróunarsjóðsins í stuttan tíma.

MARKAÐURINN/AFP

inn með því að halda bréfunum í þýskum höndum sé sá að mögulega verði hægt að koma í veg fyrir að Airbus segi upp starfsfólk sínu í Þýskalandi.

Gengi bréfa í EADS hafa fallið um þriðjung á árinu í kjölfar þess að tilkynnt var um tafir á afhendingu A380 risabetna frá flugvélaframleiðandanum Airbus, nú síðast undir lok september. - jab

Bankar sameinast

Ítölsku bankarnir Banco Populare Italiana (BPI) og Banco Populare di Verona e Novara hafa ákvæðið að sameinast. Með þessu verður til þriðji stærsti banki á Ítalíu en markaðsvirði hans er um 15 milljarðar evra, jafnvirði tæplega 1.300 milljarða íslenskra króna.

Að sögn breska rákisútarvarsins, BBC, hefur BPI leitað eftir því að sameinast öðrum banka síðan samrunaferli bankans við Banco Antonveneta rann út í sandinn á síðasta ári.

BPI varð fyrir skakkaföllum í kjölfarið en þá komst upp að stjórn bankans hefði ásamt ítalska seðlabankanum reynt að hindra samkeppni frá hollenska bankanum ABN Amro í Banco Antonveneta og leiddi það til þess að bankastjórar BPI og ítalska seðlabankans urðu að segja af sér.

Mario Draghi, seðlabankastjóri Ítalíu, er sagður fylgjandi samruna fjármálastofnana á Ítalíu og hefur stutt samruna-



TVEIR SEÐLABANKASTJÓRAR Mario Draghi, seðlabankastjóri Ítalíu, ásamt Jean-Claude Trichet, bankastjóra evrópska seðlabankans.

MARKAÐURINN/AFP

ferlið í hvítvetna.

Í sumar varð til stærsti banki Ítalíu með sameiningu Banca Intesa, annars stærsta banka Ítalíu, og Sanpaolo-IMI, þriðja stærsta bankans. Hluthafar eiga þó enn eftir að samþykka samrunann en líklegt þykir að af því verði í desember. - jab

Indverska vísitalan slær nýtt met

Indverska hlutabréfavísitalan Sensex hefur hækkað um 57 prósent á árinu þrátt fyrir snarparádýfu um mitt þetta ár. Vísitalan nálgast nú 13.000 stiga markið og hefur aldrei verið hærri.

Vísitalan hækkaði um 1,5 prósent á mánuðag og endaði lokaengi hennar í 12.927 stigum. Reyndar fór hún í 12.953,76 stig um miðjan dag í gær og er það hæsta gildi vísitolunnar frá upphafi.

Gengi bréfa í indverska ríkisolíu- og gasfyrirtækini Oil and Natural Gas Corporation og hátæknifyrirtækjum Infosys og Tata Consultancy hækkuð mest.



FYLGST MED VÍSÍTÖLUNNI Verðbréfamíðilar á Indlandi hafa fylgst grannit með breytingum á Sensex hlutabréfavísitolunni en hún kemst í methæðir á svo til hverjum degi.

MARKAÐURINN/AFP

Ástæðan fyrir þessu er bjartsýni fjárfesta á að fyrirtæki þar í landi skili góðri afkomu á öðrum fjórðungi ársins og að hagvöxtur verði áfram mikill.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn reiknar með því að hagvöxtur á Indlandi verði um 8,3 prósent á árinu en það er 3,2 prósentustigum yfir meðallagi á heimsvísu.

Hlutabréfavísitalan féll snögglega í indversku kauphöllinni í júní og fór niður fyrir 9.000 stiga markið. Hún hefur jafnað sig jafnt og þétt, rauf 12.000 stiga mýrinn við lok síðasta mánaðar og virðist fátt benda til að hún sé á niðurleið á nýjan leik. - jab

Kauphallir horfa enn til yfirtöku

Líkur þykja á að kauphallir í Þýskalandi og á Ítalíu reyni í sameiningu að bjóða í Euronext.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Kauphallir á Ítalíu og í Þýskalandi hafa gert með sér samkomulag um að gera sameiginlegt yfirtöketilboð í samevrópska hlutabréfamarkaðinn Euronext. Verði af yfirtöku skáka markaðirnir tilboði NYSE Group, sem rekur kauphöllina í New York í Bandaríkjunum, í evrópska markaðinn.

Deutsche Börse hefur um nokkurn tíma horft til þess að renna saman við aðrar kauphallir í Evrópu, þar á meðal kauphöllina í Lundúnum (LSE) í Bretlandi og Euronext. Þýska kauphöllin gerði yfirtöketilboð í Euronext, sem rekur kauphallir í París í Frakklandi, Lissabon í Portúgal, í Belgíu og Amsterdam í Hollandi, um mitt sumar en stjórn Euronext hafnaði því. Þá gerði hún sömuleiðis yfirtöketilboð í alla hluti LSE á síðasta ári en eigendur hennar ákváðu að taka því ekki.

Um ár er síðan fyrst var tæpt á því að stjórnir þýsku og ítölsku kauphallauna hefðu hug á að samainast öðrum kauphöllum. Hreyfing komst hins vegar ekki á sameiginlegar tilraunir í þá átt fyrr en Nasdaq gerði yfirtöketilboð í LSE og tryggði sér fjórðung bréfa í markaðnum eftir að eigendur hans felldu yfirtöketilboðið.

NYSE Group hefur gert 10 milljarða dala, eða



TVÆR KAUPHALLIR Kauphallir í Þýskalandi og á Ítalíu hafa samainast um að gera yfirtöketilboð í samevrópska hlutabréfamarkaðinn Euronext.

MARKAÐURINN/AFP

690 milljarða króna, yfirtöketilboð í Euronext og hefur verið skrifað undir yfirlýsingum um samruna. Hluthafar Euronext eiga þó eftir að samþykka samrunann.

Topshop missir tískudrottningu

Jane Sheperdson, yfirframkvæmdastjóri tískuvörukeðjunnar Topshop, sagði upp störfum fyrr í þessum mánuði. Ýjað hefur verið að því að ástæðan fyrir uppsögninni sé óánægja hennar með samning Topshop við ofurþyrirsætuna Kate Moss. Hún vístar þessu hins vegar á bug og segir hafa verið tímabært að hugsa sér til hreyfings.

Sheperdson er sögð heilinn á bak við vinsældir Topshop síðastliðin ár og hefur gjarnan verið kölluð mikilvægasta konan í breskum tískuhelmi. Hún hóf störf hjá Topshop fyrir 18 árum en tók við stöðu yfirframkvæmdastjóra árið 1998.

Topshop-keðjan heyrir undir Arcadia Group, sem er í eigu breska auðkýfingsins Philips Green en hann átti hugmyndina




að því að ganga til samninga við Moss. Hlutverk hennar verður að hanna nýja fata- og fylgihlutanum fyrir tískuvörurkjuna.

Kate Moss tapaði stórum samningum við nokkur tískufyrirtæki fyrir ári eftir að breska blaðið Daily Mirror birti myndir af henni neyta kókaíns í hljóðveri í Lundúnum í Bretlandi á meðan unnusti hennar, ólátabergurinn Pete Doherty, var við upptökur. Í kjölfarið fór hún í afeitrur til Bandaríkjanna og hefur orðstír hennar vaxið aftur jafnt og þétt. - jab

NÝR HÖNNUDUR HJÁ TOPSHOP Ýjað hefur verið að því að samningur Kate Moss við Topshop hafi orðið til þess að yfirframkvæmdastjóri fyrirtækisins sagði upp. Hér er Kate Moss ásamt unnusta sínum Doherty a Glastonbury-tónlistarhátiðinni í Bretlandi í fyrra.

MARKAÐURINN/GETTY IMAGES

Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?



ÓKEYPIS
REYNSLTÚMI
á www.mentis.is

Microsoft
CERTIFIED
Partner

omentis
HUGBÚNAÐUR

Sigtuni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is

Fyrirtæki, verslanir og heildsalar takið eftir:

Jólaland 2006

í Laugardalshöll

24.-26. nóvember

Jólaland 2006 er sölu- og markaðssýning með mikið aðdráttarafl fyrir fjölskyldufólk. Þarna gefst sýnendum frábært tækifæri að kynna gjafirnar, matinn, fötin, leikföngin, skreytingarnar, föndrið, bækurnar, þrifin, baksturinn, jólaljósin, jólatónlistina, smákökurnar, konfektið, jólavínið, gjöfina hans, gjöfina hennar o. fl.

Meðal skemmtiatriða má nefna:

JÓLASVEINAR ALLA HELGINA

ÚTVARPSSTÖÐIN BYLGJAN VERÐUR Í JÓLASKAPI

KÓR KÁRSNESSKÓLA

BENEDIKT BÚÁLFUR

RONJA RÆNINGJADÓTTIR

LATIBÆR

STUNDIN OKKAR

MAGNI SPILAR

BIRGITTA HAUKDAL

OG MÖRG ÖNNUR TÓNLISTARATRIÐI



Upplýsingar um leigu á básum/plássi veita:

Andri Björgvin í síma 517 1161

andribjorgvin@internet.is

Sigtryggur Arnþórsson í síma 517 1160

Einar Sveinsson í síma 517 1162



SIGURÐUR HELGASON OG HANNES SMÁRASON Tveir þeirra sem hvað mest áhrif hafa haft á rekstur Icelandair á síðustu árum. Sigurður sem forstjóri flugleiða um árabil og Hannes sem stjórnandi FL Group og stærsti eigandi.

Afgreitt á tveimur vikum

Það tók Glitni ekki langan tíma að selja allt það magn sem félagið hafði sölutryggt og gott betur en það. FL gengur að öllu leyti út úr eigendahópi Icelandair sem hefði þótt ótrúleg staða þegar áform um sölu og skráningu Icelandair í kauphöll voru fyrst kynnt í febrúar.

Áætlanir FL Group um sölu á hlutafé í Icelandair Group gengu eftir í vikunni þegar tilkynnt var um kaup fjárfesta á um 67 prósenta hlut í félaginu. Glitnir sölutryggir svo þann þriðungshlut sem út af stendur og ætlar að bjóða almenningi og fagfjárfestum bréf til kaups á næstu vikum samfara skráningu Icelandair í Kauphöll Íslands.

Icelandair verður þar með þriðja nýja félagið sem skráir hlutabréf sín í Kauphöll á þessu ári en hin eru Avion Group og Existia. Heildarvörði Icelandair liggur í kringum 43 milljarða króna sem mun gera það að tólfra stærsta fyrirtækinu á markaði. Avion Group, sem er fjárfestingafélag í flutninga- og ferðaljónustustarfsemi, er eina félagið sem svipar til þess rekstrar sem Icelandair fæst við.

BREYTT ÁFORM

Þar með hafa áætlanir stjórnenda FL Group gengið að öllu leyti upp og gott betur því ólíklegt má telja að þeir hafi horft fram á það að selja allan sinn hlut í Icelandair Group. Þegar félagið greindi frá því í febrúar að Icelandair yrði sett á markað á öðrum ársfjórðungi og hlutabréf seld til almennra fjárfesta voru markaðsaðstæður einkar ákjósanlegar eftir miklar hækkanir í desember og janúar. Þegar áformin voru kynnt á blaðamannafundi benti ekkert til annars en að FL myndi halda utan um tauma Icelandair, enda ætlaði félagið sér að halda utan um kjölfestuhlut – líklega 30-40 prósenta hlut. Hins vegar dró ský snögglega fyrir sölu þegar bankaskýrslur komu á færbandi, hlutabréf fellu og krónan var í lausu lofti.

Hætt var við áformin og hlutabréfunum stungið undir kodda. Þegar rofa tók á nýjan leik á hlutabréfamarkaði upp úr miðjum ágúst var málið sett í gang á ný.

GLITNIR MED FJÓRA MILLJARDA

Í september hófu fjölmöldar að greina frá viðræðum FL Group við fjárfestahópa annars vegar undir forstu Ólafs Ólafssonar í Samskipum og Kauppings og hins vegar Glitnis og fyrirtækja tengd S-hópnum. Líklegra þótti að Ólafur tæki Icelandair til sín og gekk Financial Times svo langt að fullyrða að félagið væri hans. En snurða hljósyndilega á þráðinn þegar semja átti um verð. Hjörleifur Jakobsson, forstjóri Kers, var ósáttur við aðferðafræðina við söluna og verðlagningu og sleit viðræðum. Daginn eftir blés FL til blaðamannafundar þar sem kynnt var samkomulag félagsins við Glitnir um að bankinn sölutryggði 51 prósents hlutafjár í Icelandair eftir að áreiðanleikakönnun lyki. Bankinn gerði gott betur en það því hann hefur fundið kaupendur að 67 prósentum hlutafjár og sölutryggð þau 33 prósent sem eftir standa. Vitað var að bankinn hefði kaupendur til taks, enda höfðu Morgunblaðið og Fréttablaðið bæði greint frá því að annar fjárfestahópanna sem ræddu við stjórnendur FL væri S-hópurinn í samvinnu við Glitni.

Par sem verkefnið verður staðra í höndum Glitnis er ljóst að þetta er stærsta fyrirtækjaverkfni bankans frá upphafi. Miðað við fimm prósenta söluþóknun ætti bankinn að taka um fjóra milljarða króna í þóknunar tekjur fyrir verkefnið sem færist til tekna á fjórða ársfjórðungi.

GAMLIR FJENDUR

Svo skemmtilega vill til að tveir stærstu fjárfestahóparnir sem koma að kaupum, Langflug sem Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar fer að stærstum hluta fyrir, og Naust, að stærstum hluta í eigu Benedikts Sveinssonar, geta rakið uppruna sinn til gömlu valdblokanna í

Smokkfiskinum og Kolkrabbanum. VÍS-hópnum eða S-hópnum svokallaða, sem fer fyrir Langflugi, er stýrt af mönnum á borð við Axel Gíslasyni, Finni Ingólfssyni og Þórólfí Gíslasyni sem byggðu upp stórfyrirtæki úr gömlum sambandsfélögum. Parna eru einnig Helgi S. Guðmundsson formaður og Þórólfur Gíslason, kaupfélagsstjóri á Sauðárkróki og forsvarsmaður Hesteyris.

Nauts hins vegar, sem er eigandi Olíufélagsins og Bílanausts, er að stærstum hluta í eigu Benedikts sem var áður stjórnarformaður Eimskipafélagsins og Sjóvármálumna. Einar Sveinsson, bróðir hans, er stjórnarformaður Glitnis og jafnframt í stjórn Olíufélagsins ESSO sem svo skemmtilega vill til að er einmitt gamalt sambandsfyrirtæki.

Það hefði einhværn tíma þótt saga til næsta bæjar að gömlu brýnin í Kolkrabbanum og Smokkfiskinum tækju höndum saman. Svona breytast hlutirnir hratt í viðskiptalífinu.

Með hlutafjárvíði til almennings og fagfjárfesta myndast breiður hluthafahópur og jafnframt næst það markmið að koma félaginu í almenningseign.

Um 34 mánuðum eftir að Hannes Smárason komst til áhrifa í gömlu Flugleiðum verða þáttaskil í rekstri FL Group. FL hefur slitið samvistum við dótturfélagið sitt Icelandair Group og heldur til frekari fjárfestingaverkefna með 35 milljarða í auknu handbæru fé, en nýir fjárfestar koma að frekari uppbryggingu mikilvægasta samgöngutækis þjóðarinnar.

Það fer vel á því að nýir eigendur komi að Icelandair nú þegar félagið fagnar sjötíu ára afmæli sínu á næsta ári. Flugáætlun félagsins verður sú stærsta í sögu þess á næsta ári en framboði á flugsætum verður fjölgæð um sautján prósent og bætast þrjár nýjar leiðir við leiðakerfið.

Humarhúsið

Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is



Samdráttur í nýskráningum

Nýskráningar bifreiða í Evrópu drögust saman um 2,6 prósent í september frá sama mánuði í fyrra, samkvæmt upplýsingum frá samtökum evrópskra bílaframleiðenda, sem birtar voru í síðustu viku. Nýskráningum fækkaði um 16,9 prósent hér á landi á sama tíma. Samtals voru rétt rúmar 1,4 milljónir bifreiða nýskráðar í Evrópu í mánuðinum samanborið við tæplega 1,5 milljónir bifreiða í sama mánuði fyrr ári.

Ef liðið er til fyrstu níu mánuða ársins fjöldaði nýskráningum hins vegar um 0,1 prósent á



NÝR BÍLAR Nýskráningar bifreiða drögust saman um 16,9 prósent hér á landi í síðasta mánuði borið saman við sama tíma í fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

árinu í Evrópu en um 2,3 prósent hér á landi.

- jab

Sony innkallar eigin rafhlöður

Japanska hátknifyrtæknið Sony hefur ákveðið að innkalla 90.000 rafhlöður, sem fyrirtæknið framleiðir og selur með fartölvmum af gerðinni Sony Vaio. Greiningaraðilar telja líkur á talsvert minni hagnaði í ár en í fyrra.

Hinir ýmsu fartölvuframleiðendur jafnt í Bandaríkjunum sem í Japan hafa innkallað riflega 8 milljónir rafhlæðna undir merkjum Sony á heimsvísu og er búist við að nokkrir þeirra kunni að fara fram á greiðslu skaðabóta frá hendi Sony. Gallinn í rafhlöðnum er sá sami og í fyrrí tilvikum. Rafhlöðurnar ofhitna og eru vitað um tíu tilvik þær sem beinlinis hefur kvíknað í fartölvmum vegna þessa.

Breska dagblaðið The Guardian hefur eftir japanska viðskiptablaðinu Nihon Keizai Shimbun að svo gæti farið að Sony innkalli allt að 300.000 rafhlöður, sem seldar voru með fartölvmum Sony. Verði það raunin hefur það enn frekari áhrif á hagnað fyrirtækisins.



SONY VAIO Búist er við að hagnaður hátkniframleiðandans Sony dragist verulega saman á árinu vegna innkallana á riflega 8 milljónum rafhlæðna fyrir fartölvmum.

MARKADURINN/APF

Sony reiknaði með 130 milljarða jena eða tæplega 40 milljarða króna hagnaði á árinu. Þetta er 43 prósentum minna en í fyrra. Greiningaraðilar telja líkur á að hagnaðurinn verði enn minni þegar innkallanir á riflega 8 milljónum rafhlæða verði komnar inn í dæmið.

- jab

ICELANDIA

ICELANDIA PLC. ÓSKAR EFTIR:

- **Gæðastjóra** til að stýra gæðastarf Icelandia Plc í verksmiðjunni á Rifi en einnig hjá undirverktökum erlendis. Starfsmaður þarf að vera tilbúinn til að dvelja erlendis í starfsþjálfun. Leitað er eftir enskumælandi líffræðingi, lifeindafræðingi, tæknimanni eða sambærilegri menntun og með reynslu af gæðakerfum.
- **Verk- eða tæknifræðingi** til að sinna eftirliti og uppgjöri á verktakasamningi um byggingu verksmiðju og skrifstofubýggingu Icelandia og sjá um innkaup fyrir félagið.
- **Verk- eða tæknifræðingi** til að sjá um samskipti aðalverktaka, vélaframleiðanda og annarra aðila sem tengjast byggingastað Icelandia á Rifi. Starfsmaður þarf að vera tilbúinn til að dvelja erlendis í starfsþjálfun og stýra viðhaldi og frekari uppbyggingu verksmiðunnar á Rifi næstu ár.



Vinsamlegast sendið atvinnuumsóknir fyrir 25 október nk. ásamt ferilskrá til Magnúsar Magnússonar, Icelandia Plc. Ármúla 38, 105 Reykjavík, eða mmagnusson@icelandia.is

Icelandia Plc. hyggur á stórfelldan útflutning á vatni frá Rifi, Snaefellsnesi á næsta ári. Verksmiðja felagsins mun flytja út vatn og kloðið vatn í plast- og glerflöskum en einnig í gamatonum. 58 starfsmenn munu vinna hjá fyrirtækinu á Rifi. Félagið rekur skrifstofu í Ármúla 38, 105 Reykjavík. 5553-7700 Fax: 553-7799. Sjá nánar www.Icelandia.is. Icelandia Plc. er framsækið, markaðsdrifin og Jafnréttissinnað félag sem ber hag starfsmanna sínna fyrir brjósti.

Ert þú stjórnandi?

Veist þú hvert þið stefnið ?
Eru kúnnarnir sáttir ?
Eru ferli skilvirk ?

Inspector.is

Heiðarlegur, hógvær og hreinskilinn.



Inspector.is
Fyrir stór og smá fyrirtæki,
sem vilja ná lengra.

MÁLVERK EFTIR
HELGA ÞORGLS
FRÍÐJÓNSSON



Samtímalist kraftar í köku n

Sjóvá hefur ákveðið að selja öll sín klassísku listaverk og kaupa og styðja frekar við samtímalist. H að raun um að eigendur stórra listaverkasafna hyggjast ekki feta sömu slóð, heldur gera nýrri og

Áhugi á íslenskri list, bæði hér heima og heiman, virðist vera að aukast. Undanfarin misseri hafa íslensk listaverk selst sem aldrei fyrr og svo virðist sem mikill kraftur sé í frambögi og eftirspurn. Áhugi Íslendinga á svokölluðum listaverkalánum, sem var samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, Kaupings, gallería á höfuðborgarsvæðinu og listamanna, er til merkis um þetta. Svo mikil var eftirspurnin eftir þeim lánum að peningarnir sem lagðir voru í verkefnið voru uppurnir þegar árið var rétt hálfnað.

Fjölmög íslensk fyrirtæki hafa í gegnum tíðina sankað að sér miklu magni listaverka. Nokkur dæmi eru um það að fyrirtæki vilji nú frískra upp á umhverfi sitt og geri það meðal annars með því að skipta verkum gömlu meistaranna út fyrir nýrri og ferskari list.

EINFALDLEIKI OG FOR-YSTA AÐ LEIÐARLJÓSI
Sjóvá er eitt þeirra íslensku fyrirtækja sem hafa um þónokkurt skeið átt veglegt safn af klassískri myndlist. Samanstendur eignasafn félagsins af hátt í hundrað verkum íslenskra listamanna frá ymsum tímabilum. Undanfarið hefur fyrirtækið verið að vinna í því að skilgreina fyrir hvað það stendur. Liður í því

er að endurskoða stefnuna í listaverkasafni félagsins.

„Við höfum ákveðið leiðarljós í

fyrirtækinu – einfaldleika og forystu,“ segir Böðvar Þórisson, framkvæmdastjóri einstakl-

Önnuðu ekki eftirspurn

Fjögur hundruð og þrettán listaverk hafa verið keypt á vaxtalausu listaverkaláni á undanförnum þremur árum. Samkvæmt upplýsingum frá Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar hafa lánin verið á bilinu 36 til 600 þúsund krónur, og hefur alls verið lánað fyrir tæpar 88 milljónir króna. Þetta er afrakstur samstarfs sem hófst árið 2004 með Reykjavíkurborg, Kaupþingi, helstu galleríum borgarinnar og listamönnum í þeim tilgangi að virkja áhuga fólks á listaverkum eftir samtímalistamenn. Var myndlistarunnendum gert kleift að kaupa myndverk frá galleríum með vaxtalausum lánum sem áttu að standa almenningu til boða í þrjú ár. Þau skilyrði voru sett að einungis mátti kaupa eftir lifandi listamenn, verkin máttu ekki vera eldri en sextíu ára við kaup og um frumsölu þurfti að vera að ræða.

Kaupþing og menningarmálanefnd niðurgreiddu vexti með föstu framlagi í sjóð sem var í vörlu KB banka. Á móti veittu gallerí og myndlistarmenn afslátt af þóknun sinni í sama skyni. KB banki og menningarmálanefnd skuldbundu sig til að leggja fram eina milljón króna á ári hvor í þrjú



SIGNÝ PÁLSDÓTTIR Skrifstofustjóri menningarmála á Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar.

ár. Samkvæmt samningnum áttu hin vaxtalausu lán að standa almenningi til boða eins lengi og sjóðurinn sem greiddi afföllin af lánunum hefði bolmagni til.

Svo mikil eftirspurn var eftir lánunum að sjóðurinn varð uppurinn í sumarbyrjun og því hefur verið skrúfað fyrir lánin að svo stöddu. Signý Pálsdóttir, skrifstofustjóri menningarmála hjá Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar, segir að þurrkurinn muni þó vonandi ekki vara lengi. „Viðræður standa nú yfir um útfærsluna á framhaldinu en nýtt menningar- og ferðamálaráð hefur fullan hug að halda verkefnið áfram. Það leikur enginn vafi á því

að framtakið hefur haft góð og jákvæð áhrif á listamenn, gallerí og listunnendur.“

Kaupþing banki mun ekki taka þátt í samstarfinu áfram, bót þar á bæ séu menn á sama máli um að vel hafi tekist til. „Þegar við fórum af stað með þetta höfðu áföll dunið á listaverkageiranum og þörf var á að koma sölunni aftur í gang. Nú er markaðurinn í góðum gír, hjól efna-hagslífsins á fullum snúningi og því við teljum að ekki sé lengur þörf á þessari aðstoð,“ segir Friðrik S. Halldórsson hjá Viðskiptabankasviði KB banka. „Seðlabankinn gefur bau skilaboð um að við eignum ekki að vera að lána peningar og við þurfum að bregðast við því.“

VERK SAMTÍMALISTAMANNA



MYNDVERK EFTIR ÓLÖFU NÖRDAL



MÁLVERK EFTIR TOLLA

ÁKVÖRÐUNAR BEÐIÐ

Stóru keðjurnar mega ekki kaupa
smærri fyrirtæki

SJÁ BLS. 4

ÁVEXTIR OG GRÆNMETI

500 grömm á dag SJÁ BLS. 5



[SÉRBLAÐ UM LYFJAGEIRRANN Á ÍSLANDI – MIÐVIKUDAGUR 18. OKTÓBER 2006]

líf og heilsa



Nordic Photos/GETTY IMAGES

EFNISYFIRLIT

UMRÆÐAN UM LYFJA-
VERÐ VAR ÓSANNGJÖRN

Hreggviður Jónsson, for-
stjóri Vistor

BLS. 2

UMRÆÐAN

Hvað eru samheitalyf

BLS. 4

SAGA PENISILLÍNSINS

Mest notaðasta sýklayfið

BLS. 5

VIÐHALDA FALLEGU
BROSI

Kalk og D-vítamín

BLS. 5



HEFUR SKAPAÐ SÉR
SÉRSTÖÐU

Lyfjaver

BLS. 6

YFIRBURÐASTAÐA Á
ÍSLENSKUM LYFSÖLU-
MARKAÐI

Lyfja og Lyf & heilsa

BLS. 8

NÝ ÁTAKSNÁMSKEIÐ HEFJAST 1. NÓVEMBER SKRÁNING HAFIN




ORKUVERIÐ

Alhliða líkamsrækt og sjúkrapjálfun
Egilshöllinni
Sími: 594 9630

www.orkuverid.is

Tilboð 3 mánaða kort
aðeins 11.990 kr.



Umræðan um lyfjaverð var ósanngjörn

Forstjóri stærstu lyfjaheildsölu landsins segir umræðu um lyfjaverð hér hafa afvegaleiðst í sumar. Staðreyndin sé hins vegar sú að lyfjaverð sé hér nokkuð lægra en í nágrannalöndunum. Við ákvörðun lyfjaverðs er horft til meðalverðs í Noregi, Danmörku og Svíþjóð, en sérstök nefnd hins opinbera ákvarðar verðið. Óli Kristján Ármannsson ræddi við Hreggvið Jónsson, forstjóra Vistor í Garðabæ.

Vistor hf. í Garðabæ er óumdeilanlega stærsti heildsali lyfja og lækningsatækja hér á landi með um 45 prósentum markaðshlutdeilda. Fyrirtækið hefur verið starfrækt í hartinær hálfu öld og stendur sala lyfja nú fyrir um 80 prósentum af veltu fyrirtækisins. Þá er sala á öðrum vörum sögð hafa verið í stöðugum vexti undanfarin ár. Áætluð velta Vistor á þessu ári er um fimm milljárdar króna.

Vistor starfar með fjölmögum alþjóðlegum lyfja- og heilbrigðistæknifyrtækjum og veitir þjónustu í sölu- og markaðsmálum, auk þess að sinna innflutnings- og dreifingarstarfsemi.

Hreggviður Jónsson, forstjóri Vistor, segir góðan gang í fyrirtækini og telur að nú sjái fyrir endann á nokkuð ósanngjarnri umræðu sem farið hafi í gang fyrir á árinu um verðlagningu lyfja hér á landi. „Já, maður fór í gegnum þetta í sumar í þeiri miklu umræðu sem þá varð um lyfjamál. Verðlagning lyfja í heildsölu er þannig að verðið er ákveðið af ríkinu. Við erum með lyfjareiðslunefnd sem ákveður verðið. Segja má að þetta sé fyrirkomulag sem gildi alls staðar í Evrópu. Þar er hvergi frjáls verðlagning á lyfjum, en til að komast að verðinu er notast við svokallað reference pricing, eða viðmiðunarverð. Verðið hér er þannig meðalverð í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Þannig að þegar við komum með nýtt lyf á markað þá sækjum við um verð fyrir það lyf og grunnurinn að baki þeiri umsókn er verðið sem við getum bent á í þessum löndum sem notuð eru til viðmiðunar.“ Hreggviður er svo fyrir til að koma með spurninguna sem þetta fyrirkomulag virðist fela í sér, hvort verið geti að hér komi þá aldrei lyf á markað án þess að þau hafi fyrst verið sett í sölu í þessum löndum. Spurningunni svarar hann jafnharðan sjálfur. „Það er nú ekki alveg þannig og stundum er staðan sílik að einungis er notast við eitt viðmiðunarland eða tvö. Þá notar maður bara þau verð sem komin eru,“ segir hann og viðurkennir um leið að þetta fyrirkomulag virðist, að minnsta kosti við fyrstu sýn, vera dálitið flókið. „Ekki nóg með þetta, heldur hafa okkar verð svo jafnvel verið notuð sem viðmiðun í dönsku körfunni, þótt búið sé að afnema það núna,“ segir hann og bætir íbygginn við að miðað við þá skipan mála fengju menn villumeldingu úr Excel töflu-reiknum ef verðlagningarjafnan yrði sett þar upp. „Vegna bess að allir eru að nota viðmiðanir hver frá öðrum. En svona er þetta bara og Evrópuþjóðirnar hafa einhvern veginn ákveðið að betra sé að láta ríkið stýra verðinu, en láta það vera frjálst. Markaðurinn er því mjög stýrður.“

Hreggviður segir þó að það hafi sviðið nokkuð undan umræðunni sem var fyrir á árinu þar sem hún hafi í fyrstu einkennst af ákveðinni vanþekkingu. Okkur fannst þetta ósanngjarnit eftir að hafa verið búin að fara í gegnum samninga við ríkið frá því 2004 þar sem farið var út í lækkanir á heildsöluverðum. Auðvitað er ósanngjarnit að halda því fram að lyf séu dýrari hér en í Danmörku þegar tölurnar sýndu að þau voru um þremur prósentum ódýrari í heildsölu hér en þar miðað við árið 2005. Það sem ýtti umræðunni af stað voru vangaveltur um verð á samhitalyfjum sem þarf þá að kryfja sérstaklega, en við erum fulltrúar fyrir frumlyfjaframleiðendur. Ég held því að þessi umræða hafi á endanum varpað réttu ljósí á málin.“



Hreggviður Jónsson, forstjóri Vistor, segir að í heiminum sé verðlagning lyfja bara frjáls á tveimur markaðssvæðum, í Bandaríkjunum og á Nýja-Sjálandi. Hér, líkt og annars staðar í Evrópu, ákvarðar ríkið verð á lyfjum. Vistor er stærsti lyfjaheildsali landsins með nálegt því helmingmarkaðshlutdeild. Næststærst er svo Icepharma með rúmlega fimmþungshlutdeild.

Stóru spurninguna þegar kemur að verðlagningarmálum segir Hreggviður vera hvort hún skuli gefin frjáls. „Miðað við að pólitisk samstaða er um nágildandi skipan mála, ekki bara hér heldur á Evrópugrundvelli, þá held ég að því verði ekki breytt úr þessu. Í heiminum eru tveir markaðir með lyf frjálsir, en það eru Bandaríkin og Nýja-Sjáland.“ Hann segir hins vegar þá hættu vera samfara okkar skipan mála og það hafi stóru lyfjafyrirtækin einnig gagnrýnt, að Evrópa sé orðin það sem kalla mætti fjandsamlegur markaður fyrir þróun nýrra lyfja. „Varað er við því að framleiðendur kunní að meta stöðuna svo að ekki sé áhættunnar virði að leggja út í þróun lyfs með það fyrir augum að markaðssetja í Evrópu vegna bess að hlutfall áhættu og ávinnings sé svo lágt. Þetta gæti leitt til þess að einhverjir framleiðend-

ur segi: Nei, við höfum ekki áhuga að koma með lyf inn á íslenska markaðinn vegna þess að við fáum ekki nógum hátt verð. Þetta hefur hins vegar ekki enn gerst og ekki hægt að segja til um hvort það gerist.“ Hreggviður viðurkennir um leið að smæð íslenska lyfjamarkaðarins geri að verkum að í raun skipti hann stór lyfjafyrirtæki engu máli. „Í því liggur hættan. Ef verði er þrýst um of niður sjá menn fram að fastur kostnaður við að hafa lyf á markaði geri að verkum að það hreinlega borgi sig ekki hér. Þumalputtareglan sem við miðum við er þannig að lyfjapakki þarf að seljast í heildsölu fyrir um það bil eina milljón króna á ári til að borgi sig að hafa hana skráða á markaði. Þetta er bara út af opinberum gjöldum, skráningargjöldum og örðru sliku, auk kostnaðar við lagerhalð og annað umstang.“

Hreggviður segir framboð lyfja hér svo ráðast í samvinnu framleiðenda og lækna. „Ef ég man rétt verða um fjölgur prósent af lyfjabróunarverkefnum sem farið er af stað með að lyfjum sem rata á markað. Hér erum við svo með öll þau lyf sem eru notuð í hinum vestræna heimi, þótt verið geti að hér sé ekki sama úrvall af fjölda pakninga vegna þess hve markaðurinn er litill,“ segir hann, en sum verkjalyf eru til dæmis framleidd i mismunandi útgáfum, sem freyditöflur eða til að blanda út í heitt vatn, en óvist að sú fjölbreytni komi öll hingað. Hreggviður kannast hins vegar ekki við að smæð markaðarins hafi orðið til þess að hér hafi ekki fengist viðeigandi lyf. „Ef við erum að tala um mjög sérhæfð lyf sem mjög litið seljast, svo sem við sjaldgæfum sjúkdómum, þá er ljóst að ef pressa

á verð slíkra lyfja mjög mikil niður minnkar kannski áhugi framleiðendanna á að hafa þau skráð hér. Hins vegar hefur verið skilningur á þessu í verðlagningarkerfinu.“ Verkefnin skortir ekki hjá Vistor, en um áramót tekur fyrirtækið að sér dreifingu á lyfjum fyrir Actavis og verður sett í sérflag. Hreggviður segir þetta þó í raun ekki breytu markaðshlutdeild fyrirtækisins sem ráðist af því hvaða lyf fyrirtækið sé að markaðssetja. Þá taki fyrirtækið ekki að sér markaðssetningu eða sölu fyrir Actavis, það sjái þeir um sjálfir. „Dreifingin ræður því til dæmis ekki hvaða vöru menn eru að velja. Eftirsprungin verður til úti á markaðnum, í rauniinni hjá lækningum sem skrifar lyfseðilinn. Þannig mætti færa fyrir því rök að dreifing lyfja á þessum litla markaði ætti að vera hjá einu fyrirtæki.“



casall®

HÖFUBORGARSVÆÐIÐ:

Útilif - Smáralind, Kringlan, Glæsibær | Intersport - Bildshöfða, Smáralind | Marafon - Kringlan | Fitnesssport - Laugum
Músik og Sport - Hafnarfirði

LANDSBYGGÐIN:

Ozone - Akranesi | Hafnarbúðin - Ísafirði | Sportver - Akureyri | Töff - Húsavík | Veiðiflугan - Reyðarfirði
Verslunin SÚN - Neskaupsstað | Skógar - Egilsstaðir | Sportbúð Óskars - Reykjanesbæ



Sportís Heildverslun - s: 533 3800 - Austurhrauni 3 - 210 Gbr.



Græna bomban

Fæst í Jurtaapótekinu á Laugavegi 2, og inniheldur ekki lækningajurtir heldur spirúlinu, og er full af járni, amínósýrum, byggblöðum, steinselju, rauðrófum og grænu þangi. Allt eru þetta jurtir sem eru mjög ríkar af blaðgrænu, en að neyta hennar er rétt eins og að taka inn sürefni og gefur manni kraft og byggir upp ónæmiskerfið. Græna bomban er til í duft- og pilliformi og það er hægt að gera te úr henni eða setja út í safa.



Í verslun Lyfja og heilsu. Í sumar var ógiltur samruni Lyfja og heilsu og Lyfjavers á þeim grundvelli að hann yrði skaðlegur samkeppni á sviði lyfjasölu í notkunarskómmum.

Einstakt heyrnartæki – Nútímaleg hönnun



Delta er ný tegund af heyrnartæki sem býr yfir gervigreind, fullkomnustu tækni sem völ er á

Delta er kjörið fyrir einstaklinga með væga til meðalmikla heynarskerðingu

Pantaðu tíma í heyrnarmælingu í síma 568 6880 og fáðu að prófa Delta



 Heyrnartækni

Glæsibæ | Álfheimum 74 | 104 Reykjavík | sími: 568 6880 | www.heyrnartaekni.is

Ákvörðunar beðið frá áfrýjunarnefnd

Stóru keðjurnar mega ekki kaupa smærri fyrirtæki.

Í sumar ógilti Samkeppniseftirlitið samruna Lyfja og heilsu og Lyfjavers. Ákvörðuninni var skotið til áfrýjunarnefndar samkeppnismála og er samkvæmt heimildum ákvörðunar að vænta í málinu á næstu dögum.

Lyf og heilsa er önnur tveggja stórra lyfslöluða sem Samkeppniseftirlitið hefur komist að raun um að fari saman með markaðsráðandi stöðu. Hin keðjan er Lyfja.

Ógilt voru kaup DAC ehf., sem er í sömu fyrirtækjasamstæðu og Lyf og heilsa, á Lyfjaveri. Bæði DAC og Lyfjaver annast innflutning lyfja, heildsölu og lyfjaskömmtu fyrir einstaka sjúklinga og sjúklinga á stofnunum. Að óbreyttu hefði gengið eftir hefði þessi staða orðið enn alvarlegri í samkeppnislegu tilliti. Hefði samruninn því haft í för með sér umtalsverða röskun á samkeppni og skaðað hag þeirra sem þurfa á lyfjum að halda,“ segir í ákvörðuninni frá 11. júlí síðastliðnum.

„Mikil samþjöppun hefur orðið á lyfsölu markaðnum á síðustu árum.

Samruninn hefði leitt til þess að tvær lyfslöluðjur, Lyf og heilsa annars vegar og Lyfja hf. hins vegar, hefðu rúmlega fjóra fimmtu hluta allrar lyfjasmásölu í landinu. Að mati Samkeppniseftirlitsins deila Lyf og heilsa sameiginlegri markaðsráðandi stöðu með Lyfju á smásölu markaði lyfja. Það er mat Samkeppniseftirlitsins að sameiginleg markaðsráðandi staða Lyfja og heilsu og Lyfju eins og henni er lýst í ákvörðun eftirlitsins geri fyrirtækjunum kleift að samhæfa hegðun sína á markaðnum án þess að þurfa að taka til lit til keppinauta eða neytenda. Eru fyrirtækin þannig í stöðu til þess að takmarka samkeppni og hækka verð.

Ef umræddur samruni hefði gengið eftir hefði þessi staða orðið enn alvarlegri í samkeppnislegu tilliti. Hefði samruninn því haft í för með sér umtalsverða röskun á samkeppni og skaðað hag þeirra sem þurfa á lyfjum að halda,“ segir í ákvörðuninni frá 11. júlí síðastliðnum.

Jafnframt kemur fram í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins að sá sérstaki markaður sem felist í að selja og pakka lyfjum í notkunarskammta bæði fyrir einstaka sjúklinga og fyrir sjúklinga á stofnunum sé staekkandi. Ársviðskipti á honum eru sögð nema nokkrum hundruðum milljóna króna.

Nokkurrar óánægju gætir meðal smærri fyrirtækja á lyfjamarkei með þá túlkun að Lyfja og Lyf og heilsa fari saman með markaðsráðandi hlut. Engin ákvæði laga eru sögð verja smærri fyrirtæki gegn ofureflini sem í lyfjakeðjunum felist og þeim frjálst að opna verslanir ofan í smærri apótekum, en þar séu menn í raun lokaðir í sínum rekstri og megi ekki selja hann til keðjanna vegna mats eftirlitsins á stöðu þeirra.

Keðjurnar mega ekki kaupa, en þeim er heimilaður svokallaður innri vöxtur, sem þýðir að þær mega bæta við sölustöðum að vild.

Hvað eru samheitalyf?

Samheitalyf má kalla að sé endurgerð lyfja sem þegar hafa verið markaðssett en hafa glatað einkaleyfverndinni sem ný lyf fá eftir að þau koma fyrst á markað.

Lyfið sem apað er eftir nefnist frumlyf. Það er oft töluvert dýrrara meðan á einkaleyfistímanum stendur enda búið að leggja í mikinn kostnað við þróun lyfins. Þá bera læknar oft meira traust til frumlyfsins þar sem framleidandi þess hefur rannsakað það mest, auk þess sem lyfið er þá þegar orðið þekkt vörumerki.

Samheitalyf innihalda sama virka efnið og frumlyfin en eru framleidd af öðrum. Þannig eru samheitalyfin alla jafna sambærileg frumlyfunum, bæði hvað varðar innihald og virkni. Dæmi um þetta er frumlyfi Panodil, sem er vel bekkt verkjalyf, en það er frumlyf og svo íslenska eftirlíkingin Paratabs, sem er samheitalyf. Bæði innihalda virka efnið parasetamól.


En svo eru líka dæmi um samheitalyf sem hafa svo ólíka virkni að þau verða ósambærileg. Á upplýsingavefnum Doktor.is er greint frá einu slíku en það varðar lyfin Tegretol Retard og Karbamazepin. „Þar sem fyrra lyfið leysisist hægar upp og gefur jafnari þéttni í blóði. Abbotin Novum fer með örðum hætti inn í blöðrásina en Erybas,“ segir þar. Svo kemur fyrir að fólk telur sig finna mun á því hvernig sambærileg lyf virka. „Þetta er oftast útskýrt sem imyndun og er það vafalaust oft,“ segir doktor.is þótt reyndar kunni að vera viss lyfjafréðileg rök fyrir súlikum mun. „Höð virka efni lyfsins er oft blanda tveggja sameinda sem eru spiegelmynd hvor af annarri. Oft er verkun þessara



Panodil er svokallað frumlyf, en Paratabs samheitalyf. Bæði innihalda virka verkjalyfið parasetamól.

tveggja mynda lyfsins ólik. Lyfjasameindir sambærilegра lyfja eru oftast framleiddar með ólíkum aðferðum. Þetta getur valdið því að hlutfall þessara spiegelmynda sé breyttilegt í lyfjunum tveimur. Stundum eru líka efni í töflum sem binda þær saman eða líta þær, og þessi efni geta hugsanlega breytt einhverju í verkun lyfsins. Með aukinni nákvæmni í framleiðslu verður þessi munur þó sífellt minni.“

Þá er rétt að áréttu að bæði frum- og samheitalyf eru framleidd af virtum lyfjafyrirtækjum og þurfa einnig að standast ríkar kröfur og eftirlit. Enda er staðan þannig að á markaði er fjöldi lyfja þar sem frumlyfið er orðið ófáanlegt og bara hægt að fá lyfið sem samheitalyf. Í langflestum tilfellum skiptir því ekki nokru máli hvort sjúklingur tekur inn frumlyf eða samheitalyf.



Vertu liðtækur

Margir einstaklingar eru heftir í sínu daglega lífi vegna verkja í hnjam. Þetta ástand orsakast meðal annars vegna líkamlega erfiðra vinnuaðstæðna, íþróttameiðsla eða vegna þróunar slitgigtar. Stór hluti þessara einstaklinga þjáist meira en hann þyrfti. Glucomed er nýtt lyf notað til að draga úr einkennum vægrar til meðalsvæsinnar slitgigtar í hnjam. Það inniheldur glükósamín sem er nátturúlegt efni í liðum.



Glucomed® 625 mg

Glucosamine

Ekki má nota Glucomed:

- ef þú ert með ofnæmi fyrir glükósamíni, einhverju öðru af innihaldsefnunum eða skelfiski
- ef þú ert undir 18 ára
- ef þú ert þunguð eða með barn á brjósti

Gæta skal varúðar við notkun Glucomed ef þú þolir illa glükósa, ef þú ert með vanstarfsemi í nýrum eða lifur eða ef þú ert með þekktan áhættuþátt fyrir hjarta- og aðasjúkdóum.

Tvær töflur (1250 mg) einu sinni á dag til að draga úr einkennum.

Lesið vandlega leiðbeiningar á fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá



Penisillín er fjöldaframleitt í gríðarstórum kerum.

Saga penisillínsins

Enginn vafi leikur á því að uppgötvun penisillínsins er ein sú markverðasta sem gerð hefur verið innan lyfageirans. Þótt penisillín ráði alls ekki við allar bakteríusýkingar, er það enn mest notaða sýklalyfið í heiminum, og án þess væru minni háttar aðgerðir enn áhættusamar.

Árið 1928 var skoski læknirinn Alexander Fleming að þvo óhreina glasabakka í rannsóknarstofu á St. Mary spítalanum í London, þegar hann tók eftir auðu svæði hringinn í kringum penicillium chrysogenum myglusvepp sem hafði sest í baktériusti. Áhugi Flemings vaknaði, og hann komst að þeiri niðurstöðu að sveppurinn dræpi bakteriurnar. Áður, eða árið 1896, hafði ungr franskur læknisfræðinemi, Ernest Duchesne, rannsakað áhrif myglusveppsins á bakteriur, en rannsóknir hans náðu þó ekki lengra, og Fleming gafst líka upp á rannsóknnum sínum því hann taldi að

penisillín gæti ekki verið nógum lengi í líkamanum til að vinna bug á bakterium.

Þró olli uppgötvun hans byltingu í læknisfræði þegar Howard Walter Florey og lið rannsóknarmannna við Oxford háskóla árið 1939 notuðu sveppinn til að drepa sýkla í manneskjum. Sérfræðingar notuðu penisillín til þess að bjarga þúsundum mannslifa í seinni heimstyrjöldinni, og kom lyfið á almennan markað árið 1944. Fleming fékk nóbelsverðlaunin í læknisfræði árið 1945, ásamt Howard Walter Florey og Ernst Boris Chain, sem fundu aðferð til að fjöldaframleiða lyfið.

Ávextir

500 grömm



Lýðheilsustöð hvetur fullorðið fólk til að borða fimm skammaða eða 500 grömm af grænmeti, ávöxtum og safá á dag, þar af að minnsta kosti 200 grömm af grænmeti og 200 grömm af ávöxtum, auk kartalflna.

Þetta þarf ekki að vera erfitt, fólk getur til dæmis fengið sér einn ávöxt eða glas af hreinum ávaxtasafa að morgni, salat með hádegismatnum, annan ávöxt síðdegis og tvær tegundir af grænmeti með kvöldmatnum. Fjölbreytnin skiptir öllu máli, og ekki eru þurkaðir ávextir síðri en þeir fersku.

Kalk

Viðheldur fallegu brosi

Kalk er líkamanum nauðsynlegt og fær hann það aðeins í gegnum fæðu. Langvarandi kalkskortur getur verið alvarlegur en hægt er að skorta kalk án þess að taka nokkuð eftir því. Eitt stærsta hlutverk kalks í líkamanum er að viðhalda tönnum og beinum en vefir líkamans, taugakerfi og vöðvar þarfnað þess líka. Kalkskortur leiðir til beinþynnингar, auk þess sem það getur haft áhrif á blóðþrysting, ristilkrabbamein og fyrirtiðarspennu.



Það sem færri vita er að D-vitamín er nauðsynlegt svo kalkið nýttist líkamanum, og því er mælt með að D-vitamín sé tekio sem fæðubótarefni þar sem oft er lítið af því í hefðbundinni fæðu. Sólarljós og lýsi færa líkamanum D-vitamín, en mjólkurvörur, spergilkál og spinat eru rík af kalki.

LD1060801

Hefur skapað sér sérstöðu bæði í þjónustu og verði

Lyfjaver rekur eitt apótek í Reykjavík, en er um leið umfangsmikið í heimsendingu lyfja. Þá hefur Lyfjaver í þrígang reynst vera með lægsta lyfjaverðið í könnunum Alþýðusambands Íslands. Óli Kristján Ármannsson ræddi við Aðalstein Steinþórsson, stjórnarformann Lyfjavers, sem segir stjórnvöld flækjast fyrir samkeppni í lyfsölu hér á landi með meiri kröfum en gerðar séu í öðrum löndum.

„Já við erum þekkt fyrir að vera ódýrust,“ segir Aðalsteinn Steinþórsson, stjórnarformaður Lyfjavers í Reykjavík, stoltur. „Við höfum verið með lægsta verðið í síðustu þremur verðkönnum ASÍ. Við erum náttúrlega ekki stór, bara með eitt apótek hérrna við Suðurlandsbraut, en samt stór á þessum vélskömmunarmarkaði,“ segir hann og visar bar til sjálfvirkra lyfjaskömmutnar-tækja. „Fyrirtækið byrjaði enda í kringum það, þjónustu við dvalar-og hjúkrunarheimili þannig að við erum að bjóða upp á mjög vandaða, góða og ódýra þjónustu í okkar apóteki fyrir þá sem þarfnað slikrar þjónustu.“

Aðalsteinn segir að Lyfjaveri hafi tekist að marka sér sérstöðu í þessari þjónustu tengdri sjálfvirkri lyfjaskömmutun og svo með heimsendingarþjónustu lyfja. Um leið er svo rekið hefðbundið apótek við Suðurlandsbrautina þar sem hægt er að kaupa lyf, lausasölu-lyf, fæðubótarefini og vitaminin. „Við erum hins vegar ekki með þessar heilsuvörlínur, snyrtivörur eða þess háttar,“ bætir hann við. „Sérhæfing okkar liggr í þjónustu við fólk sem notar töluvert magn lyfja og við höfum byggt fyrirtækið þannig upp að við getum veitt þá þjónustu á mjög hagstæðu verði.“ Til marks um það bendir Aðalsteinn að fyrirtækið sendi fólkli lyf heim án þess að taka sérstakt gjald fyrir. „Þetta ætluðum við reyndar að gera um land allt en var bannað að gera

það. Við megum ekki senda lyf í þrópi út á land þar sem apótek eru fyrir,“ segir hann og telur skjóta nokkuð skökku við að sterri lyfjakeðjur sem komið hafi sér fyrir úti á landi njóti þannig verndar í lyfjalögum gegn samkeppni frá Lyfjaveri. „Í lyfjalögum eru nefnilega ákvæði sem vernda rekstur apóteka á landsbyggðinni.“

Engu að síður telur Aðalsteinn að Lyfjaveri hafi tekist nokkuð vel upp í samkeppni við sterri lyfjakeðjurnar enda sé Lyfjaveri orðið þekkt vorumerki, bæði fyrir sérþjónustu sína og lágt verð. Þá segir Aðalsteinn að um lyf gildi sérstakar álagningaráreglur, en eftir því sem lyf séu dýrari lækki álagningin. „Svigrúmið sem er fyrir hendi er eitthvað í dag og við bjóðum lægra verð með lækjun á smásoluálagningunni. Stjórnvöld fylgja hins vegar þeirri stefnu að draga úr smásoluálagningu sem þýðir að svigrúm minni aðilanna minnkari og þegar upp er staðið hefur þetta að öllum líkendum hamlandi áhrif á samkeppni. Það er að segja þvingunaraðgerðir í þá átt að lækka smásoluálagningu.“ Aðalsteinn segir að á þetta hafi hann og fleiri smærri rekstraraðilar bent í umræðunni, enda taki staðsetning verslana að vega þyngra í samkeppninni þegar svigrúmið til að keppa í verði minnkari. „Og þar hafa keðjurnar komið sér í góða stöðu,“ segir hann og bendir að þær hafi á bak við sig fjársterk félög, Milestone að baki Lyfjum og heilsu og svo



Aðalsteinn Steinþórsson, stjórnarformaður Lyfjavers.

Exista að baki Lyfju.

Aðalsteinn segir helsta ásteitingarsteininn í rekstri smærri fyrirtækja á lyfjamarkaði vera stefnu stjórnvalda. „Umhverfið hér á Íslandi er meira hamlandi en almennt gerist

á evrópska efnahagssvæðinu. Heilbrigðisráðuneytið og stjórnvöld segjast vilja auka frelsi og samkeppni, en þegar kemur að framkvæmdinni er allt í þá átt að frelsið við lengra verði gengið í öryggiskröfum, til

dæmis í þessari vélskömmutun lyfja, en hjá þeim þjóðum sem við miðum okkur við. Okkar tilfinning er sú að við höfum verið að brydda upp á nýjungum, en stjórnvöld hafi flækst fyrir allan tímann.“

Nýtt frá Dreifingu

Nýjar frábærar vörutegundir á 100 ára grunni fyrir íslenska neytendur!










Dreifing óskar Icelandic Group til hamingju með
100 ára afmæli Pickenpack H&H í Þýskalandi.

Pickenpack H&H framleiðir úrvall af fyrsta flokks fiskréttum, tilbúnum til neyslu. Í tilefni af afmælinu mun Dreifing nú hefja innflutning á vörum frá Pickenpack H&H fyrir íslenska neytendur.

Dreifing ehf.

Umboðsaðili Icelandic Group á Íslandi

Vatnagörðum 8 Sími 588 1888 www.dreifing.is

Ora tómatsósa

...seiðandi, rjóð og full af ástríðu



Ástríða í matargerð

Ora tómatsósa - alvöru amerískt bragð - eins og við viljum hafa hana!

Tvær keðjur eru með yfirburða stöðu á lyfsölumarkaði hér á landi

Lyfja og Lyf og heilsa eru með slíka yfirburðastöðu á smásölumarkaði lyfja hér á landi að Samkeppniseftirlitið úrskurðaði í sumar að saman færur keðjurnar með markaðsráðandi stöðu. Báðar keðjur eiga sér allnokkra sögu, Lyfja rekur sína aftur til ársins 1996 og Lyf og heilsa aftur til ársins 1999.

Tvað stórar keðjur einkenna smásölumarkað lyfja hér á landi. Annars vegar er það keðja Lyfju og hins vegar keðja L&H sem rekur verslanir undir tveimur vörumerkjum, Lyfja og heilsu og svo Apótekaran.

Lyfja er dótturfélag Árkaupa ehf., en meðal hluthafa í því félagi eru Kaupfélag Suðurnesja, Vátrygg-

ingafélag Íslands og Kaupfélag Skagfirðinga. L&H er aftur í eigu eignarhaldsfélagsins Milestone og fleiri aðila.

Saga Lyfju hófst árið 1996 þegar ákvæði nýrra lyfjalaga sem tryggðu frelsi í stofnun og rekstri lyfjabúða tóku gildi. Lagabreytingin hafði mikil áhrif á lyfjamarkaðinn,

en áður höfðu yfirvöld úthlutað lyfsöluleyfum. Fyrir breytinguna höfðu apótekin skipt með sér markaðssvæðum. Í því umhverfi var samkeppni nánast engin og lyfjavérð það sama í öllum apótekum.

Lyf og heilsa kom svo inn á markaðinn á haustdögum árið 1999 sem keðja lyfjaverslana. Í upphafi voru verslanirnar ellefu talsins á höfuðborgarsvæðinu, Norðurlandi og Suðurlandi. Síðan bættust fleiri við.

Báðar keðjur hafa allar götur síðan bryddað upp á ýmissi nýbreytni og þjónustu við viðskiptavinu sína. Má þar nefna margvislega útgáfustarfsemi, upplýsingagjöf á netinu og samstarf við aðra fagaðila í heilbrigðisgeiranum.



Verslun Lyfju við Lágmúla í Reykjavík er ein af fjölmögum verslunum keðjunnar. Lyfja er fyrsta lyfsölukeðjan hér á landi, stofnuð eftir breytingu á lyfsölulögum árið 1996.

FRETTABLAÐIÐ/RÓBERT



Hjalti Sölvason hefur tekið við framkvæmdastjórárstarfi Lyfja og heilsu í stað Hrundar Rudolfsdóttir sem snúið hefur sér alfarið að framkvæmdastjórn móðurfélagsins, L&H.

FRETTABLAÐIÐ/STEFÁN

Markaðshlutdeild lyfjaverslana á höfuðborgarsvæðinu

Lyfjabúðir	Markaðshlutdeild
Lyfja	35-40%
Lyf og heilsa	40-45%
Árbæjarapótek	0-5%
Laugarnesapótek	0-5%
Lyfaval	5-10%
Lyfaver	0-5%

Ertu á hraðferð?

Bílaapótek - lyfin beint í bílinn

Hröð afgreiðsla opið kl. 10-23 alla daga vikunnar.

Einnig innangengt apótek sem er opið virka daga kl. 10-18 og laugard. kl. 10-16.



Við erum í
Hæðasmára,
við hliðina á
Smáralind



Lyfaval

BÍLAAPÓTEK

Lyfaval APÓTEK • Mjódd • Álftamýri

Lyfaval.is • sími 577 1160

ÁRÍÐANDI!

EKKI GLEYMA AÐ SKODA BESTU RÚMIN ÁÐUREN ÞÚTEKUR ÁKVÖRÐUN



Wonderland
MADRASSEN®



! Komdu í Epal
í dag og njóttu ráðgjafar
sérfræðinga okkar við val á
vönduðum rúnum.

Wonderland
MADRASSEN®



HÆGT AÐ ÞVO...



... OG SNÚA



MÝKRI UNDIR ÖXLUM



STYRKTI KANTAR





Actavis er eitt þeirra íslensku fyrirtækja sem hvað mesta athygli hafa vakið fyrir útrás sína á erlenda markaði. Áhuginn er svo mikill að stórir erlendir bankar hafa sóst eftir aðild að Kauphöll Íslands til að geta miðlað bréfum Actavis til viðskiptavina sinna.

Sáu sóknarfæri hér á landi

Sérstakar aðstæður hér gerðu kleift að hægt var að hefja lyfjaþróun í samheitalyfjageira fyrr en í öðrum Evrópulöndum. Á þessu byggir veldi Actavis sem nú er meðal fremstu samheitalyfjafyrirtækja í heimi. Vöxtur fyrirtækisins hefur vakið slíka athygli fjárfesta að stórir bankar leita eftir aðild að Kauphöll Íslands til að geta miðlað bréfum þess.

Actavis er eitt þeirra íslensku fyrirtækja sem hvað mesta athygli hafa vakið í útlöndum, enda hefur það vaxið hratt síðustu ár og er með fremstu samheitalyfjafyrirtækjum í heimi, en félagið sérhafir sig í þróun, framleiðslu og sölu á slíkum lyfjum. Höfuðstöðvarnar eru hér á landi, en starfsemin í um 30 löndum í fimm heimsálfum. Starfsmenn Actavis eru um tíu þúsund talsins. Fyrirtækið á sér hins vegar 50 ára sögu, en hún er rakin til þess tíma

þegar forveri félagsins, Pharmaco var stofnað. Í upphafi var Pharmaco innkaupasamband en þegar árið 1960 var hafin framleiðsla á lyfjum hjá fyrirtækinu.

Árið 1999 störfuðu hjá Pharmaco um hundrað manns og þá eingöngu hér á landi á sviði innflutnings og dreifingar lyfja. Þá hafði undirbúningur að útrás Delta hf. staðið í nokkur ár sem flutti fyrstu lyfin árið 1988 á Bretlandsmarkað. Höfðu menn þá áttad sig

á að þar sem einkaleyfaumhverfið væri hagstætt hér á landi mætti vinna að þróun lyfja, þótt þau væru vernduð af einkaleyfum í flestum Evrópulöndum. Þannig sáu menn svo fram á að geta verið tilbúnir til að markaðssetja lyfin um leið og einkaleyfin fellu úr gildi erlendis. Pharmaco stofnaði lyfjafyrirtækið Delta árið 1981 ásamt hópi lyfjafræðinga. Delta var svo að sterstum hluta í eigu Pharmaco til ársins 1992 þegar Pharmaco seldi sinn hlut í fyrirtækinu.

Delta var sameinað Pharmaco aftur árið 2002 og í maí 2004 var svo nýja nafnið, Actavis, kynnt. Nafnið er samsett úr „acta“ og „vis“ sem útleggjast á máli gullaldar-Rómverja „framkvæmd“ og „styrkur“. Á þeim tíma sagði Róbert Wessmann, forstjóri fyrirtækisins, nýja nafnið lið í uppbyggingu félagsins á alþjóðlegum samheitalyfjamarkaði. Verður að teljast að uppbygginingin hafi gengið vel. Actavis framleiðir og selur lyf og lyfjahugvit bæði innanlands sem utan og markmið félagsins að vera með þeim fyrstu á markaðinn með samheitalyf þegar einkaleyfi renna út.



Paratabs er dæmi um samheitalyf sem Actavis framleiðir en virka efnin í þeim töflum er verkjalyfið paracetamol.



Róbert Wessmann í pontu á kynningarfundum Actavis fyrir á þessu ári.



Veldu þann sem bér
þykir bestur!



Ekki á spenanum!



habitat 

Askalind 1, 201 Kópavogur Sími 568 9700 www.habitat.net



neistaranna

Iólmfríður Helga Sigurðardóttir komst eldri list jafnhátt undir höfði.

ingvsviðs hjá Sjóvá. „Við vorum að breyta húsnæðinu okkar til betri vegar þar sem allt er í anda leiðarljósanna. Okkur þótti eðlilegt að endurskoða í leiðinni hvernig myndlist við viljum hafa í kringum okkur. Í nýja húsnæðinu er mikið um opin rými, létt er yfir öllu og einfaldleikinn rískir. Myndlist sendir mjög sterk skilaboð og okkur fannst þau klassísku verk sem við áttum ekki eiga við þá ímynd sem við vorum að skapa.“ Þannig var ákvörðun tekin um að stofna menningarsjóð sem hefur það að markmiði að fjárfesta í nýjum verkum sem styðja við einkunnarð fyrirtækisins. Það fjármagn sem bundið er í eldri myndlist er notað til að fjármagna kaup á verkum eftir núlifandi listamenn og meiri fjármunir lagðir í verkefnið aukalega.

Böðvar segir að með pessu móti sé einfaldlega verið að koma þessari eldri klassísku myndlist til þeirra sem hafa áhuga á henni. „Allt er þetta gert með fullri virðingu fyrir klassískri list. Þetta er bara spurningum um hvaða skilaboð við viljum senda. Við erum að skerpa frekar á léttleika og einfaldleika. Fyrir vörumerki skiptir svona lagað mjög miklu máli.“

TÍU MILLJÓNIR Í LISTAVERK Á ÁRINU

Nú í ár hefur Sjóvá þegar fjárfest, bæði í formi þess að kaupa verk og styrkja verkefni, fyrir um tíu milljónir króna í gegnum menningarsjóð sinn. Sjóvá hefur ekki bara verið að kaupa verk fyrir veggi eigin rýmis heldur var meðal annars einn af styrktaraðilum sýningarinnar Eilands í Gróttu í sumar. „Okkur þótti þetta áhugaverð hugmynd enda varð þetta ein mest sótta sýning á landinu í sumar. Samningur okkar gekk út á að styðja verkefnið en í framhaldi af því höfum við verið að kaupa verk af listamönnum sem tóku þátt í því.“ Böðvar segir félagið rétt að byrja og það stefni að því að styðja áfram við samtímalist.

Tryggvi Páll Friðriksson, listmunasali og uppboðshaldari hjá Gallerí Fold, segist þekkja þess dæmi frá útlöndum að fyrirtæki stundi það að kaupa verk eftir unga listamenn og selja þau aftur þegar þeir verða þekktar

og verðmæti verkanna eykst. Þetta segir hann óskandi að myndi gerast hér enda myndi það hafa afar hvetjandi áhrif á kaup og sölu listaverka. Hann telur aðgerðir Sjóvár að sama skapi jákvæðar, ekki síst ef fleiri fyrirtæki tækju sér þetta til fyrirmynnar. Hann telur þó ólklegt að eigendur stórra safna listaverka á borð við bankana hafi nokkuð þessu líkt á prjónunum. Þeir hafi, að því er hann best veit, heldur áhuga á að efla safn sitt jafnt af yngri sem eldri verkum.

SALA HEYRIR TIL UNDANTEKNINGA

Listaverkasafn Landsbankans er hið stærsta í eigu og umsjón einkafyrirtækis á Íslandi. Upplýsingar þaðan styðja þessi orð Tryggva. Ásgeir Friðgeirsson, talsmáður Björgólfss Guðmundssonar, stjórnarformanns Landsbankans, segir það heyra til algerra undantekninga að bankinn selji verk í sinni eigu. „Það er skýr stefna Landsbankans að viðhalda listaverkasafni sín. Það býðir hvort tveggja að keypt eru ný verk í safnið og eldri verkum haldið við. Með listaverkasafni sín vill bankinn halda til haga listasögu þjóðarinnar frá stofnun bankans.“

Landsbankinn á um 1.500 listaverk frá hinum ýmsu tíma-bilum. Ásgeir segir erfitt að leggja mat á verðmæti þeirra bar sem markaðsverð einstakra listaverka er breytilegt. Þá sé ekki talin ástæða til að meta og endurmeta einstaka listaverk frá ári til árs.

Landsbankinn styður við samtímalistamenn með því annars vegar að kaupa verk þeirra og hins vegar með stuðningi við viðburði á þeirra vegum. Styður bankinn meðal annars við myndlistarháttíðina Sequences sem haldin er í Reykjavík um þessar mundir, listamannahús SÍM og hefur átt aðild að myndlistarverðlaunum Myndstefs, auk margvíslegs stuðnings við einstaka listamenn og verkefni á þeirra

vegum. Að sögn Ásgeirs hefur Landsbankinn aukið verulega stuðning sinn við samtímalist á síðustu árum og muni vafalaust auka hann frekar á næstu árum.

Kaupþing á líka stórt safn listaverka eins og þekkt er. Þær upplýsingar fengust hjá Benedikt Sigurðssyni, blaðafulltrúa Kaupþings, að engar áætlanir séu uppi um að selja eitt-hvað af þeim fjöldu verkum sem bankinn á. Bankinn álíti það eitt af hlutverkum sínum að styðja við íslenska menningu og undanfarin ár hafi hann heldur verið að auka við kaup af verkum samtímalistamanna. „Við eignum mikið af verkum eftir eldri listamenn en líka tölувart eftir nýja. Hve mikið liggar ekki fyrir eða hvert verðmætið er, annað en að þetta er töluvart safn.“

MIKIÐ FRAMBOÐ OG EFTIRSPURN

Af svörum bankanna og álíti sérfræðinga að dæma hefur Sjóvá ekki komið nýrra bylgju af stað með sínum breytingum. Flestum ber þó saman um að áhugi á íslenskri list hafi heldur aukist undanfarin misseri. Tryggvi hjá Gallerí Fold segir að uppboðum hafi fjölgat að undanförnu. Þau hafi verið fimm í ár en á venjulegu ári séu þau ekki nema fjögur. Segir hann það bæði koma til af því að í ár fékk gallerið óvenjunimið af góðum verkum inn til sölu. Uppboðin hafi öll gengið vel fyrir sig og því hafi eftirspurnin líka verið talsverð. Enginn vafi leikur því á að myndlistarháttíðina á Íslandi er feikilega mikill og fer frekar vaxandi en minnkandi.

Myndlist fyrir milljarð

Tryggvi Páll Friðriksson, listmunasali og uppboðshaldari hjá Gallerí Fold, telur að íslenski myndlistarmarkaðurinn velti um einum milljarði króna á ári hverju. „Þá tek ég inn í sölu á uppboðum, á sýningum og ekki síst hjá listamönnunum persónulega,“ segir Tryggvi sem hefur um nokkra hríð reynti hið erfiða verk að meta hversu stórvinnandi markaðurinn er í reynd. Ef að líkum lætur munu íslensk listaverk hafa skipt um hendur, á uppboðum hér heima og í útlöndum, fyrir allt að 77 milljónir króna, á sex vikna tímabili frá 15. september til 31. október næstkomandi. Gangi það eftir mun þetta vera ein mesta velta með íslensk verk á uppboðum á svo stuttu tímabili sem elstu og reyndustu menn muna. Það sem er „íslenskt“ getur þó verið teygjanlegt hugtak. Sá fyrirvari skal því hafður á að inni í þessum töluum er sala á verkum Ólafs Eliassonar, sem bæði íslendingar og Danir vilja eigna sér.

Síðastliðinn sunnudag stóð Gallerí Fold fyrir uppboði í Súlnasal Hótel Sögu þar sem 128 verk voru í boði. Meðal annars voru þarna verðmæt Eitt verk eftir Jón Stefánsson,

GÓÐ SALA VÍÐAR EN Á ÍSLANDI

Íslensk verk hafa selst vel viðar en hér á landi að undanförnu. Á uppboði hjá danska uppboðsfyrirtækini Bruun Rasmussen í Kaupmannahöfn seldust nýverið myndir eftir íslenska listamenn fyrir á bilinu 12 til 13 milljónir íslenskra króna. Par á meðal voru átta myndir eftir Þorvald Skúlason og mun metverð hafa fengist fyrir verkin hans. Einnig fóru myndir eftir Svavar Guðnason, Ólaf Eliasson, Eggert Guðmundsson, Erró, Jón Helgason, auk annarra. Eitt verk eftir Jón Stefánsson,

VERK ELDRI MEISTARA



MÁLVERK EFTIR GUNNLAUG BLÖNDAL



MÁLVERK EFTIR LOUISU MATTHÍASDÓTTUR



MÁLVERK EFTIR JÓN STEFÁNSSON



TRYGGVI PÁLL FRIÐRIKSSON HJÁ GALLERÍ FOLD Hann telur að íslenski myndlistarmarkaðurinn velti um milljarði á ári hverju.

sem var selt í síðustu viku af uppboðsfyrirtækinu Lauritz, var slegið á fjórðar milljónir króna. Talið er að þetta sé hæsta verð sem fengist hefur fyrir verk eftir Jón.

Pann 31. október næstkomandi verður svo breska uppboðsfyrirtækið Christie's með uppboð með verkum eftir norræna listamenn. Nokkuð verður þar af verkum eftir íslenska listamenn. Par verða til sölu nokkur verk eftir Ólaf Eliasson, samtals metin á 133 til 197 þúsund pund, sem jafngildir 16 til 25 milljónum króna. Par verður jafnframt til sölu eitt olíumálverk eftir Kjarval, verk eftir Louisu Matthíasdóttur og eitt eftir

Nínu Tryggvadóttur. Gangi það uppboð vel fyrir sig og seljist öll verkini má samtals gera ráð fyrir að þau verk fari á bilinu 206 til 297 þúsund pundu eða sem nemur um 26 til 38 milljónum króna.

Upphæðirnar sem hér um ræðir eru án allra höfundarréttargjalda og annarra þóknana sem leggjast ofan á söluverð listaverka. Þau gjöld eru misjöfn eftir löndum en gróflega má gera ráð fyrir að með því að leggja 25 prósent ofan á slegið virði sé talan nær lagi. Þar að auki ganga listaverk kaupum og sölum á hverjum degi, meðal annars á sýningum og á vinnustofum listamannanna sjálfra.

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkio...

Tímamótavika í viðskiptalífinu.

Tveir arðsamir endapunktar

Hafliði Helgason

Tvinn tímamót, þótt ólík séu, litu dagsins ljós í vikunni. Annað er sala FL Group á öllum hlut sínum í Icelandair. Hitt er arðgreiðsla Kaupbings, þar sem bankinn lætur frá sér hlut að verðmæti 20 milljarðar í Exista til hluthafa sinna og klippir á eignatengsl sín í fyrtækjum þeirra bræðra Ágústs og Lýðs Guðmundssona sem verða enn sem fyrr kjölfestueigendur í bankanum.

Þessi tvennu tímamót eru, þótt ólík séu, bautasteinar ákvæðinnar sigurgöngu. FL Group hefur á skómmum tíma tekist að leysa

**Sigurganga
Kaupbings og
braðranna í
Bakkavör er lengri
og hefur orðið
slíka samfelli að
miklar líkur eru á
að enn sé einungis
að baki lítill hluti
mikillar göngu. I
raun eru Kaupþing
og Bakkavör
prýðileg dæmi um
þann sköpunar-
mátt sem losnar
úr læðingi þegar
eðlileg viðskipta-
lögmál taka við af
pólítiskri miðstýr-
ingu og þrúgandi
faðmlagi stjórnmála og viðskipta.**

til sín gríðarleg verðmæti með sölu fyrst á hlut sínum í EasyJet og síðan í Icelandair. Samtals nemur þessi innleysti hagnaður nálægt fjörutu milljörðum króna. Fyrsti sprettur FL Group undir forystu Hannesar Smárasonar lofar góðu og vonandi verður framhald á glæsilegum árangri. Það er eins og alltaf í viðskiptum að þar sem einn sér enda sér annar upphaf. Nýir eigendur Icelandair hafa mikinn metnað fyrir hönd félagsins og munu stuðla að framtíðarvexti fyrtækisins.

Sigurganga Kaupbings og braðranna í Bakkavör er lengri og hefur orðið slíka samfelli að miklar líkur eru á að enn sé einungis að baki lítill hluti mikillar göngu. Í raun eru Kaupþing og Bakkavör prýðileg dæmi um þann sköpunarmátt sem losnar úr læðingi begar eðlileg viðskiptalögumál taka við af pólítiskri miðstýringu og þrúgandi faðmlagi stjórnmála og viðskipta.

Telja verður ólíklegt að fyrtækis eins og Bakkavör hefði getað orðið jafn glæsilegt stórveldi ef ekki hefði verið fyrir hendi fjármálfyrtækis með metnaðarfulla stjórnendur sem hvorki skeytti um aettir eða flokksskírteini. Slíkt skeyttingarleysi var jú oft ekki til vinsælda fallið.

Ný kynslóð sem hefur haslað sér völl í íslensku viðskiptalífi hefur lagt á aðrar og nýjar brautir. Sú vegferð er rétt að byrja og ástæða til að halda til haga að áföll munu verða á þeirri leið. Áföll eru einfaldlega hluti slíkrar vegferðar og líkt og í lífinu sjálfu eru áföll ein og sér ekki mælikvarði á virði ferðarinnar.

Hingað til hefur allt gengið í haginn. Það er ýmsu að þakka, en er um leið vísbinding um að útrás og vöxtur viðskiptalífsins byggi á útreiknaðri áhættu og þekkingu. Hagsaukinn fyrir samfélagið allt er gríðarlegur og ef okkur ber gæfa til að halda viðskiptaumhverfinu frjálsu og forðumst að éta eigin útsæði, hefur hér verið sáð til mikils vaxtar. Sá hagnaður sem félög skila á yfirstandandi ári er meiri en sem nemur eiginfé alls fjármálaferfisins fyrir nokkrum árum. Stoðir efnahagslegrar afkomu Íslendinga hafa aldrei verið sterkari, þótt enn og um ókomna tíð verðum við á mælikvarða heimsins, bæði fá og smá.

eggert@markadurinn.is | haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is | olirk@markadurinn.is

IMG MANNAFL LIÐSAUKI VERÐUR CAPACENT



Capacent Ráðningar (áður IMG Mannafl Liðsauki) er stærsta ráðningarástofa landsins og leggur mikla áherslu á trúnað við umsækjendur og fyrtækis.

Ráðgjafar Capacent Ráðninga beita faglegum vinnubrögðum og starfa eftir ákvæðum verkferlum sem tryggja gæði þjónustunnar.

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartún 27 105 Reykjavík Sími 540 1000 www.capacent.is

Lækkun á matvælavverði skili sér

ORD Í BELG

**Emil B.
Karlsson**
forstöðumaður
Rannsóknarseturs
verslunarinnar



ætla að svo verði. Enda segir í yfirlysingu stjórnarinnar varðandi lækkun á tollum: „Samhlíða þessu [þ.e. 40 prósentu tollalækkun] verður áfram unnið að frekari gagnkvæmum tollalækkunum og bættum markaðsaðgangi gagnvart helstu viðskiptalöndum Íslands...“. Óljóst er hvað í þessu felst, en e.t.v. verða tollkvótar á kjöt afnumdir eða rýmkaðir verulega.

FER ÁGÓÐINN Í VASA KAUPMANNA?

Í umræðu um afleiðingar af lækkuðu matarverði hafa heyrst raddir um að þær muni ekki skila sér til neytenda því kaupmenn muni stinga ágóðanum í eigin vasa í stað þess að neytendur fái að njóta þess í lægra verði. Þetta á eftir að koma í ljós í fyllingu tímans og getur reynslan bara skorið úr um það, enda eru gerðar ráðstafanir til að fylgjast vel með þróun á verði til neytenda. Hins vegar virðist þessi ótti um græðgi kaupmanna ekki vera á rökum reistur ef horft er til fyrri aðgerða til lækkunar á matarverði.


Eins og kemur fram í meðfylgjandi mynd um samanburð á þróun vísitulu neysluverðs og verðlags á mat og drykkjarvöru kemur glöggj í ljós að verðlag á matvöru

lækkadi töluvert árið 2002 þegar tollar á grænmeti voru afnumdir. Á meðan vísitala neysluverðs hækkaði um næstum 4 prósent á tímabilinu frá janúar 2002 til janúar 2004, þá lækkadi vísitala matar og drykkjarvöru um 4,4 prósent á sama tímabili. Ætla má að tollalækkun á grænmeti hafi valdið þessari lækkun matarverðs. Sambærilega niðurstöðu má einnig finna í ofangreindri skýrslu hagstofustjóra. Þetta dæmi ætti að gefa vísbindingu um að allar líkur eru á að þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur boðað til lækkunar á matarverði muni skila sér til neytenda en lenti ekki í vasa kaupmanna.

INNKOMA OFUR-LÁGVÖRUVERSLANA

Thomas Svaton, framkvæmdastjóri Samtaka sánskra dagvöruverslana, ræddi nýlega á fundi SVP, Samtaka verslunar og þjónustu, um afleiðingar innkomu svokallaðra ofurlágvöruverslana á sánska markaðinni og áttu þar við verslanir á borð við Lidl og Aldi. Sagði hann ástæðu þess að þær hefði ekki komið til Íslands ennþá vera háa tolla og gjöld á matvæli. Ef betta reynist rétt má gera ráð fyrir að aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að lækkja matarverð geti leitt til þess að ofurlágvöruverslanir hasli sér völl í íslenskum markaði. Ef það gerist má gera ráð fyrir enn frekari lækkun á matarverði, ef miðað er við reynslu Svíu.

VÍSITALA VERSLUN MATUR DRYKKUR



UM VÍDA VERÖLD

Stefnumiðað árangursmat

Roberts S. Kaplan og David P. Norton skrifuðu grein árið 1992 í tímaritið Harvard Business Review þar sem þeir kynntu til sögunnar greiningu kallaða stefnumiðað árangursmat eða Balanced Scorecard. Aðferðafræðin við stefnumiðað árangursmat snýst um gerð stefnukorts og skorkorts.

Greiningin felst í því að búa til stefnukort og nota fjórar víddir, mannaðsvídd, verklagsvídd, fjármálavídd og þjónustuvídd. Stefnu kortið sýnir hvernig fyrtækjardstofnun stefnir að því að ná tileftluðum árangri. Þar eru markmiðin sett fram myndraent og auðvelt er fyrir alla starfsmenn að sjá helstu markmið á

einu blaði. Skorkort eru gerð með stefnukort til hliðsjónar en þar koma fram markmiðin með mælikvördum, viðmiðum og aðgerðum.

Talið er að hugmyndir að BSC hafi orðið til eftir þarfagreiningu og ráðleggingar til fyrtækja á þessum tíma. Þá kom í ljós aukin áhersla á óáþreifanlegar aðlindir sem kallaði a þörf fyrir nýtt greiningartæki sem mældi annað en fjárhagslegan auð. Þörfin fyrir að útskýra stefnu fyrir nánast öllum starfsmönnum fyrirtækja og stofnana átti ekki síst þátt í auknum vinsældum greiningarinnar. Stjórnendur gerðu sér betur grein fyrir því að starfsmenn tækju betri ákvæðanir ef þeir hefðu stefnu fyrirtækis eða stofnunar til hliðsjónar og gætu bannig öðlast viðari skilning á viðskiptum og stefnu. Starfsmenn sjá bannig

hvar þeir eru staðsettir í korti fyrtækis og hvað þeir geta lagt af mörkum í tengslum við stefnu og markmið.

Aukin áhersla á óáþreifanlega þætti og þekkingarverðmæti hafa aukið vinsældir stefnukorta. EKKI er talið nóg að að þróa samkeppnisforsket fyrirtækja og stofnana með áherslu á fjármálagæla stöðu og áþreifanlegar eignir heldur er hæfileiki fyrtækja og stofnana til þess að þróa og byggja upp þekkingarverðmæti orðinn einn meginþáttur í tilraun þeirra til að ná samkeppnisforsketi.

Sif Sigfusdóttir
MA í mannaðsstjórnun



ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðar RITSTJÓRI: Eggert Þór Ádalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Ádalsteinn Bergsveinsson, Jón Skaftason, Óli Kristján Ármannsson AUGLYSINGASTJÓRI: Anna Elínborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLYSINGAR: Skafthálið 24, 105 Reykjavík. **ADALSMÍMI:** 550 5000 SÍMBREÐ: 550 5006 NETFÓNG: dreifing@posthusid.is Markaðnum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á hófuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efnalínus í stafrænu formi og í gagnabónum án endurgjalds.

Lyftalarar – vanmetin hætta

Tilkynning um alvarlegt slysbarst fyrir stuttu þar sem lyftari með plötubúnt olli slysi. Stjórnandi lyftarans, vanur maður, hafði verið að flytja krossviðsplötur. Smá ójfna á gólfnum varð til þess að slinkur kom á lyftarann og plötubúntið rann af göflunum og á starfsmann sem slasaðist mjög illa.

Mörg fyrirtæki nota lyftara við sína starfsemi. Mjög tið tjón af völdum lyftara sýna að mikil þörf er á að skilgreina hvaða hættur eru fyrir hendi hjá hverju fyrirtæki fyrir sig. Hér verða nefnd nokkur dæmi um hætt-

ur sem tryggingafélagið hefur greint:

- Lyftara ekið utan í kyrrstæðar bifreiðir. Orsókin oftast sú að ökumaður lyftarans gætir ekki að því hvað er fyrir aftan lyftarann.
- Vörur skemmast við með höndlun lyftara. Orsókin oftast sú að ökumaður er ýmist óvanur, eða er að flýta sér of mikið, stundum vegna mikils álags, stundum vegna þess að hann sýnir kæruleysisleg vinnubrögð.
- Vörur falla af göflum lyft-

ara og valda tjóni. Orsókin bæði óslétt gólf og stundum er vörum illa komið fyrir á göflunum.

- Lyftara ekið yfir fætur annarra starfsmanna. Orsókin sú að lyftalarar eru oft hljóðlausir og aðrir starfsmenn heyra ekki í þeim eða að þeir eru ekki að fylgjast með starfi. Þá eru ökumenn lyftara oft mjög uppteknir við að fylgjast með að reka ekki vörur á göflum utan í og gæta ekki að því sem er fyrir aftan. Gult blikkandi ljós myndi draga úr þessari hættu.

■ Lyftari veldur tjóni þegar verið er að hlaða vörum í bíla. Sum fyrirtæki bjóða upp á mjög góða þjónustu við viðskiptavini, m.a. að hlaða bíla þeirra. Lyftalarar eru ekki nákvæmst til þess og ætti að fara varlega í að veita þessa þjónustu.

Öllum starfsmönnum á lyfturum ber að fara á sérstök námskeið og viljum við beina því til fyrirtækja sem nota lyftara að fylgja því eftir. Oft verða

pau fyrir miklu tjóni þegar vörur skemmatast vegna óvandaðra vinnubragða starfsmanna, m.a. sumra lyftarastjórnenda. Alvarlegast er þó þegar fólk slasast af þeirra völdum.

Átak Markaðarins og Sjóvá mjög ákveðnar reglur um lyftaranotkun og að sjá til þess að aðbúnaður sé góður við hleðslu rafgeyma, gólf séu slétt og að lyftalarar séu vel sýnilegir er þeir eru í notkun.

Einar Guðmundsson
forstöðumaður Sjóvár forvarnahússins

SPÁKAUPMÁÐURINN

Búið að hækka í græjunum

Það er alveg ljóst að partíið er komið í fullan gang aftur. Búið að hækka í græjunum og allir komnir út á gólf að dansa.

Löggan kom í líki erlendra bankagreinenda og skipaði mönnum að lækka í græjunum. Ekki var vitað til þess að neinn nágrannanna hefði kvartad, enda sjálfrir allir í partíum. Helst var að einn svefnstyggur í Hádegismóum hefði getað hafa tekið undir kvartanirnar. Annars eru allir í stuði.

Nú er sem sagt búið að hækka aftur og ég græði sem aldrei fyrir. Það er í raun ótrúlegt að ekki fleiri skuli spila á það sem auljóslega mun gerast. Tökum tvö góð dæmi af gróða mínum þessa vikuna. Ég sneri við öllum vösum og stillti mér upp í þremur félögum. Kaupþingi, FL group og Glitni. Ástæðan er augljós. FL og Glitnir voru í þann veginn að klára söluna á Icelandair. Það vissu allir að það var bara dagaspursmál „Buy on rumor sell on news“ virkaði sem aldrei fyrir.

Hitt er segin saga. Íslendingar lækka aldrrei verð á hlutabréfum til samræmis við arðgreiðslur. Ég hefi í mörg ár tekið stóra stöðu í Glitni, hirt arðinn og selt. Þetta hefur alltaf skilað skammtíma-hagnaði. Auðvitað gerði maður eins með Kaupþing nú og BINGÓ. Kaupþing lækkaði ekki til samræmis við arðgreiðslurnar. Svo fékk maður hækkun á þeim í vikunni í bónus. Ekki slæmt það og ég keypti mér nýtt sjónvarp. Það var að koma ný kynslóð af flatskjáum.

Pegar maður er svona ríkur ber manni viss skylda til að snúa gangverki efnahagslífsins með því að eyða peningum. Ég gef líka í góð mállefni og svo hef ég verið duglegur að kaupa list að undanförnu. Maður vill jú láta gott af sér leiða í samfélaginu.

Annars lítur petta allt ljómandi vel út. Hagnaðurinn streymir inn í fyrirtækin. Erlendu lánin á móti hlutabréfunum rýrna og mismunurinn er hreinn hagnaður. Í ljósi reynslunnar fylgist maður stift með gjaldeyrismarkaðnum, en hann er eins og ég hef margoft sagt sá markaður sem fær blöðið í manni til að renna. Þeir sem fyrstir fatta hræringarnar þar eru þeir sem alltaf koma fyrstir í mark og þar er maður vanur að vera.

Spákaupmaðurinn á horninu



Gréta V. Guðmundsdóttir, Hönnunarstjóri.

„...fyrir metnaðarfulla fagmenn“

„Í starfi mínu sem hönnunarstjóri hefur reynslan kennt mér að við framleiðslu á vönduðu kynningarrefni getur val á prentsmiðju ráðið úrlitum um útkomuna.“


Íslandsprent hefur reynst mér afar vel. Prentsmiðjan ræður yfir fullkomnum tækjakosti, þar á bæ eru allir fagmenn fram í fingurgóma og búa yfir mikilli þjónustulund. Ekki sakar að miðað við gæði er verð afar hagstætt. Ég get því hiklaust mælt með Íslandsprenti fyrir metnaðarfulla fagmenn á sviði grafiskrar hönnunar og aðra þá sem vilja vera stoltir af prentgrípum sínum.“

Gréta V. Guðmundsdóttir, Hönnunarstjóri og einn af eigendum auglýsingastofunnar Fabrikan.



Íslandsprent

- orð skulu standa!



AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

569 7200 www.isprint.is

Ikea er stærsta verslun landsins

Þetta ár er svo sannarlega stórt hjá Ikea á Íslandi. Ikea hefur verið með rekstur hér á landi í aldarfjórðung og flutti í nýtt og geysistórt húsnæði í síðustu viku. Þá tók nýr framkvæmdastjóri við störfum á fimmtudag. Þórarinn Ævarsson, framkvæmdastjóri Ikea á Íslandi, fræddi Jón Aðalstein Bergsveinsson um nýju verslunina í Garðabæ.

Húsgagnaverslunin Ikea flutti vöruhús sitt og verslun úr Holtagörðum í Reykjavík í Kauptún í Garðabæ á fimmtudag í síðustu viku. Langt er um liðið síðan rekstur Ikea á Íslandi rúmaðist í einni lítilli deild í verslun Hagkaupa. Hin nýja verslun Ikea, sem var sérstaklega byggð fyrir fyrirtækjóð er á tveimur hæðum, og er hvorki meira né minna en 20.600 fermetrar og stærsta verslunarhúsnæði sem reist hefur verið á Íslandi.

DEILD Í HAGKAUPUM

Rekstur Ikea hér á landi hófst árið 1981. Þetta var tíunda landið sem Ikea opnaði verslun í en áður hafði fyrirtækjóð dreift úr sér um gjörvalla Skandinavíu og nokkur Evrópulönd til viðbótar.

Fyrsta verslunin opnaði í litlu rými á efri hæð Hagkaupa í Skeifunni en fluttist nokkrum árum síðar undir Hús verslunarinnar gegnt Kringlunni. Þetta þótti geysistórt rými en ekkert miðað við það þegar Ikea fór í Holtagarða árið 1994. Þar hafði stórmarkaðurinn Mikligarður verið áður til húsa í um 9.000 fermetrum.



ÚR VERSLUN IKEA í nýri verslun Ikea eru nokkrar íbúðir til sýnis. Hugmyndin er að fá kokk til að elda í einhverju þeirra fjölmörgu eldhúsa sem eru til sýnis í versluninni á næstunni. MARKADURINN/VILHELM

Þórarinn Ævarsson, nýráðinn framkvæmdastjóri Ikea, sem tók við af Jóhannesi Rúnari Jóhannessyni við flutninginn, segir breytinguna mikla. Ikea hafi eiginlega verið á undanþágu frá Ikea enda Holtagarðar sniðmir sem vöruhús.

Þórarinn segir að komuna að Holtagörðum og skort á bílastæðum hafa verið helsta Akkilesarhæl Ikea. Í fyrra voru viðskiptavinirnir tæplega tvær milljónir talsins en búist er við að þeir verði þrjár milljónir á þessu ári. Þakkar hann það mikilli aukningu á bílastæðum við nýja húsið. Sviðuðu máli gegnir um veltuna en hún var þrír milljarðar króna á síðasta ári.

KLÆÐSKERASNIÐIÐ HÚS

Nýja húsnæðið er gert eftir grunnteikningu frá Ikea í Svíþjóð og þannig klæðskerasaumáð fyrir reksturinn. Af þessu leiðir að næstum allar verslanir Ikea úti í hinum stóra heimi eru eins og verslunin í Kauptúni og verður upplifun viðskiptavinar Ikea því nokkurn veginn suð sama hér og í öðrum löndum, að sögn Þórarins.

„Hugmyndin um Ikea er að leiða alla í hrинг. Fyrst er farið í gegnum húsgagna-deildina. Á leiðinni geta gestir sest niður, fengið sér að borda og haldið áfram að því loknu í gegnum smávörudeild og lager. Verslunarhúsnæðið er sambærilegt að stærð og í öðrum löndum en lagerinn er mismunandi. Ef við ákveðum að stækka húsið þá verður það lagerinn sem stækkar,“ segir Þórarinn og bendir að verslanirnar ytra séu allt upp undir 24.000 fermetrar. „Sýningarsvæðið í húsinu er fullkomnið fyrir okkur og það mun ekki breytast,“ segir hann.



STÆRSTA VERSLUN LANDSINS Ikea flutti í stærsta verslunarhúsnæði landsins undir lok síðustu viku. Rýmið er tæplega þrefalt staðra, veitingastaðurinn sömuleiðis og bílastæðin þrefalt fleiri. Þá tók nýr framkvæmdastjóri við rekstrinum. Viðskiptavinir Ikeas ruglast ekki í ríminu þótt þeir fari utan landsteina því verslanir Ikeas eru næstum eins í öllum löndum.

Umtalsverður munur er á IKEA í Holtagörðum og versluninni í Kauptúni í Garðabæ. Sýningarsvæðið er talsvert stærra. Þórarinn segir vorúrvál hafa aukist um fjórðung í nýju versluninni auk bess sem fleiri lausnir séu kynntar nú en áður. „Í Holtagörðum gátum við sýnt sjö eða átta mismunandi eldhús en nú getum við sýnt allt að 18 fullbúin eldhús,“ segir hann og leggur mikla áherslu á hversu gott nýja verslunarhúsnæði sé.

MATREITT Í ELDHÚSINU

Holtagörðum sýndi Ikea mismunandi lausnir á einu heimili, fullbúnu rými með herbergjum, eldhúsi og innanstokksmunum.

„Hérna erum við með þrjú fullbúin heimili sem vel má ímynda sér að einhver búi í, sjónvarpið er í gangi og í framtíðinni er stefnt að því að einhver eldi í eldhúsunum,“ segir Þórarinn.

Þá er veitingastaðurinn umtalsvert stærri en hann var í Holtagörðum. Fyrir flutningana gátu 80 gestir setið við bord í veitingaráminu en í Kauptúni eru sæti fyrir 250 manns, sem gerir þetta að stærsta veitingahúsi landsins. Engir réttir eru dýrar en 490 krónur auk þess sem stefnt er að því að bjóða léttvín til sölu á vægu verði. Vonast er til að af því verði um næstu helgi, að sögn Þórarins Ævarssonar, framkvæmdastjóra Ikeas.

MEIRI ÁVINNINGUR OG BETRI VAXTAKJÖR

GLITNIR KYNNIR FYRIRTÆKJAVILD

Fyrirtækjavild samanstendur af bankaþjónustu Glitnis, fjármögnumarþjónustu hjá Glitni Fjármögnum og vátryggingaþjónustu hjá Sjóvá.

Fyrirtækjavild eykur fríðindi þeirra fyrirtækja sem nýta sér heildarþjónustu bankans. Þjónustan skiptist í þrjú stig eftir umfangi viðskipta – **Vild, Gullvild og Platínumvild**.

- **Betri kjör**
- **Betri þjónusta**
- **Aukin fríðindi**
- **Afsláttarkjör**
- **Heildaryfirsýn yfir fjármálin í Fyrirtækjabankanum**
- **Aukin þægindi með bankaviðskipti og vátryggingar á sama stað**

Kynntu þér kosti Fyrirtækjavildar hjá fyrirtækjafulltrúum okkar í síma 440 4000 eða á glitnir.is.

**FJÁRHAGSLEG VELGENGNI ÞÍN
ER OKKAR VERKEFNI**

FYRIRTÆKJAVILD

Saga Ikea hófst með sölu á eldspýtum

Ingvar Kamprad, heilinn á bak við Ikea, var einungis 17 ára þegar hann stofnaði fyrirtækið árið 1943. Kamprad hafði reyndar gengið með hugmyndina um fyrirtækjarekstur lengi, eða allt frá barnæsku. Árangur Ikea hefur leitt til þess að Kamprad hefur verið á meðal ríkustu manna í heimi um árabil.

Kamprad fæddist árið 1926 á bænum Elmtaryd í sænsku Smálöndunum. Hann var ungur að árum þegar hann uppgötvaði að hann gat keypt ódýrar eldspýtur í stórum bunkum frá Stokkhólmi og selt þær aftur í smærri einingum á lágu verði í næstu þorpum og bæjum með hagnaði. Viðskiptin döfnuðu og fyrir en varði var Kamprad litli farinn að hjóla á milli bæja með fisk, jólatrekkreytingar, fræ og síðar kúlupenna og pensla sem hann keypti fyrir hagnaðinn og seldi með sama hætti í næstu bæjum.

Kamprad gekk ágætlega í skóla og þegar hann var 17 ára ákvæð faðir hans að verðlauna drenginn fyrir námsárangurinn. Gjöfina nýtti Kamprad til setja á laggirnar fyrirtækið Ikea.

Fyrst í stað höndlaði Ikea með penna, peningaveski, myndaramma, diskamotur og annað smálegt en fljótlega gat Kamprad ekki lengur sinnt viðskiptunum á hjólinu og brá hann því að það ráð að búa til vörulista sem viðskiptavinir gátu pantat.

HÚSGÖGNIN KOMA Í MYNDINA
Árið 1947 náði Kamprad samningi við húsgagnaframleiðend-

ur í heimabæ sínum og gerði það honum kleift að bjóða ódýr húsgögn á vörulista sínum. Húsgögnin slógu í gegn og fjór um árum síðar hætti Ikea að selja annað en ódýr húsgögn.

Árið 1958 voru umsvifin orðin umtalsverð. Fyrirtækið opnaði sína fyrstu verslun á árinu í bænum Älmhult. Hún var engin smásmíði, einir 6.700 fermetrar og stærð húsgagnaverslun á Norðurlöndunum á sínum tíma. Til samanburðar var hún 2.500 fermetrum minni en verslun Ikea í Holtagörðum.

Ikea hefur svo sannarlega sprungi út frá fyrstu árunum því í dag rekur fyrirtækið rúmlega 200 verslanir í 31 landi. Hjá því starfa rúmlega 75.000 manns og hefur verið greint frá því að fyrirtækið hyggist fjölgja starfsfólkum um 10.000 á næstu árum vegna mikils vaxtar.

Kamprad hélt um stjórnar- taumana í Ikea allt fram til 2002. Þá var hann 76 ára og taldi tímabært að setjast í helgan Stein og færa yfirstjórn fyrirtækisins til priggja sona sinna.

HAGSÝNN OG MOLDRÍKUR

Kamprad hefur margsinnis verið á meðal ríkustu manna í heimi en í mars á þessu ári taldi bandaríksa viðskiptatímaritið Forbes eignir hans nema um 28 milljörðum bandaríkjadalara eða tæplega 1.800 milljörðum íslenskra króna.

INGVAR KAMPRAD Stofnandi Ikea þykir góð fyrirmund fyrirtækisins. Þrátt fyrir mikil ríkidæmi þykir hann spar á aurinn enda ekur hann gjarnan um á gömlum Volvo.

MARKADURINN/AFP

Kamprad hefur löngum þótt góð fyrirmund fyrir Ikea sem flaggar hagkvæmni. Hann fluttið frá Svíþjóð til Epalinges í Sviss árið 1976 og hefur búið þar allar götur síðan.

Pá hefur verið haft eftir honum að hann eigi fimmtán ára Volvo, ferðist með neðanjarðarlest þegar bílum sleppir, fljúgi á almennu farrými og hvetji starfsmenn Ikea til að endurnýta blöð og reikninga.

Rekstrarfélög Ikea, sem ávallt hefur verið í höndum Kamprad-fjölskyldunnar, hefur oft sætt gagnrýni. Fjármálaumsýsla fyrirtækisins er í höndum sjóðs, sem skráður er í Hollandi og undir honum er meðal annars fjárfestingarbanki, sem lýtur stjórn fjölskyldunnar. Þróyst hefur verið á Kamprad að hann skrái Ikea á markað og selji það fjárfestum. Hann hefur blásið á slíkt og sagt, að öll ákvárdanataka myndi verða mun hægvirkari innan veggja fyrirtækisins ef fleiri væru um hituna en hann og afkomendur hans.



INGVAR KAMPRAD á gangi fyrir utan fyrstu verslunina sem opnaði í Stokkhólm í Svíþjóð. MARKADURINN/AFP

Seed Forum International

Hôtel Nordica
24. október

Meðal fyrirlesara:

Sigurður Einarsson
 Stjórnarformaður KB banka

Hilmar Veigar Pétursson
 Framkvæmdastjóri CCP

Átta norræn sprotafyrirtæki kynna viðskiptaáætlanir sínar.

Skráðu þig á www.seedforum.is

GLITNIR

Betri leið til að vinna á tímaskorti

"Hópurinn mjög ánægður með námskeiðið og allir sáu greinilegar framfarir á lestrarhraða. ...mun nýtast okkur vel í starfi." **Hópur frá Upplýsingataeknisviði Landsbankans.**

"...hvergi áður náð jafn hárrí ávöxtun á tímasparnað ..." **Fylkir Sævarsson, 39 ára lónfræðingur.**

Meiri tími - Aukið forskot - Sterkari sérstaða

Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:

Frábært, markvisst, hnitmiðað, krefjandi, mikil aðstoð, árangursríkt, góð þjónusta.

NÝTT!! NÝTT!! Fyrirtækjanámskeið 3 vikna fyrirtækjanámskeið 1. nóv.

Dagnámskeið frá kl. 13-16 í samstarfi við Námsflokka Hafnafjarðar

Skráning hafin á www.h.is og í síma 586-9400

Gerum föst verðtilboð í fyrirtækjanámskeið

VR og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

MARKAÐURINN
Sögurnar, tölurnar, fólkid.



Fiskimjölsverksmiðjur

'Agóðum jánum'

Hönnun / Smiði / Viðgerðir / Þjónusta



OLE VAGNER, FORSTJÓRI KEOPS
Baugur og Keops stóðu fyrir fjárfestakynningu á Hôtel Nordica í gær.

sem sérhæfdi sig í fasteignafjárfestingum fyrir auðuga einstaklinga og leið ekki leið á löngu þar til fyrirtækið braust fram á völlinn sem alhliða fasteiganfélag og er nú orðið eitt það stærsta á Norðulöndunum.

- hhs

Tækni og vit 2007

FAGSÝNING TÆKNI- OG PEKKINGARIÐNAÐARINS

Íslensk hátækni í fremstu röð

Við kynnum einn stærsta viðburð í tækni- og þekkingariðnaði á Íslandi: Stórsýninguna Tækni og vit 8.-11. mars 2007, í Fífunni, Kópavogi. Sýningin verður opin fyrir fagaðila 8. og 9. mars og einnig opin almenningi helgina 10. og 11. mars.

Einstakt tækifæri fyrir þína starfsemi

Meðal þátttakenda verða tölву- og upplýsingatækifyrirtæki, fjarskiptafyrirtæki, fyrirtæki í líf- og lyfjatækni og mörg öflugustu iðntækifyrirtæki landsins. Að auki munu menntastofnanir, ráðgjafa- og fjármálfyrirtæki og ýmsar opinberar stofnanir taka þátt.

Spennandi viðburðir

Fjölmargir viðburðir verða haldnir í tengslum við stórsýninguna Tækni og vit. Meðal annars verður UT-dagurinn haldinn 8. mars á vegum forsætis- og fjármálaráðuneyta.

Skipuleggjendur

AP sýningar standa að Tækni og vit 2007. Starfsmenn fyrirtækisins hafa margra ára reynslu í skipulagningu stærri og smærri viðburða.

Kynntu þér málið á www.taekniogvit.is eða í síma 511 1230.

Til hvers að bíða? Þeir sem skrá sig á sýninguna fyrir 24. nóvember fá 10% afslátt af fermetraverði sýningarrýmis.



www.taekniogvit.is

Tryggðu þér svæði – bókaðu strax!



FULLTRÚAR NÝRRA EIGENDA SANDBLÁSTURS OG MÁLMHÚÐUNAR HF. Helgi Gústafsson, framkvæmdastjóri Ferro Zink, Bjarni Hafþór Helgason, framkvæmdastjóri Hildings, Tómas Ingi Jónsson, framkvæmdastjóri Sandblásturs og málmhúðunar og Jón Dan Jóhannsson, fráfarandi framkvæmdastjóri.

Hildingur kaupir Sandblástur og málmhúðun hf.

Fjárfestingarfélagið Hildingur ehf. hefur keypt 44 prósentu hlut í Sandblæstri og málmhúðun hf. og er nú stærsti hluthafinn í félaginu. Tveir stjórnendur hjá félaginu hafa aukið sinn eignarhlut og eiga átján prósent hvor, beir Tómas Ingi Jónsson, fjármálastjóri félagsins og Helgi Gústafsson, framkvæmdastjóri Ferro Zink, dótturfélags Sandblásturs og málmhúðunar í Hafnarfirði. Jón Dan Jóhannsson framkvæmdastjóri mun láta af störfum en eiga áfram 20 prósentu hlut í félaginu og sitja í stjórn þess. Tómas Ingi Jónsson tekur við starfi framkvæmdastjóra.

Haft er eftir Bjarna Hafþóri Helgasyni, framkvæmdastjóra Hildings, í fréttatilkynningu frá félaginu að sóknarfæri séu í starfsemi Sandblásturs og málmhúðunar á ymsum sviðum. Félagið hafi getið sér góðs orðs fyrir gæði og góða þjónustu og stefnt sé að því að efla þá starfsemi enn frekari.

Þess er ekki að vænta að stórar breytingar verði gerðar á starfsemi félagsins þótt áherslur muni að einhverju leyti breytast með nýjum mönnum. Að sögn Tómasar Inga Jónssonar, nýs framkvæmdastjóra félagsins, eru þegar uppi hugmyndir um ný

FÓLK Á FERLI

JÓHANN BENEDIKTSSON hefur hafið störf á markaðsdeild Icelandair sem vörumerkjastjóri, sem er nýtt starf innan fyrirtækisins. Jóhann mun vera ábyrgur fyrir vörumerkinu Icelandair og notkun þess ásamt skipulagningu á markaðsstarfi Icelandair á milli svæða, deilda og auglýsinga- og birtingafyrirtækja sem Icelandair er í samstarfi við.

Jóhann hefur nýlega lokið M.Sc. námi í alþjóða markaðsfræði og stjórnun við Viðskiptaháskólan í Kaupmannahöfn (CBS).

BJARNI BIRKIR Harðarson hefur verið ráðinn til Icelandair í Skandinávíu í stöðu sölustjóra Icelandair í Noregi.

Bjarni starfaði á skrifstofu Icelandair í Bretlandi 2005 og vann að sérverkefnum fyrir Icelandair í Skandinávíu í byrjun árs 2006. Bjarni hefur B.S. og Mastersgráðu í viðskiptahagfræði og alþjóða viðskiptahagfræði frá Alborgarháskóla í Danmörku. Bjarni er kvæntur Rakel Guðmundsdóttur, grafskum hönnuði hjá Odda ehf.

skref, bæði hvað varðar innri og ytri vöxt fyrirtækisins. Starfsmenn Sandblásturs og málmhúðunar hf. eru yfir sextíu talsins. Félagið þjónar einstakl-

ingum og málmiðnaðarfyrirtækjum og eru helstu þættir í starfsemi stálsmíði, zinkhúðun, stálsala og sala á vörum tengdum málmiðnaði.

- hhs

Leita svara um íslensku útrásina

Er hægt að staðfesta að árangur íslenskra útrásarfyrirtækja sé einstakur og er hægt að draga lærðom af íslensku útrásinni sem er gagnlegur fyrir stjórnendur, ráðgjafa, fræðimenn og aðra? Viðskipta- og hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur hafið umfangsmikið rannsóknarverkefni til þess að leitast við að svara þessum spurningum og öðrum af svipuðum meiði.

Atlunin er að rannsaka áratug í útrásinni, árin 1998 til 2007. Til skoðunar verða helstu útrásarfyrirtæki landsins, viðskiptabankarnir þrír, Actavis, Bakavör, Marel, Össur og Baugur. Verkefnastjóri rannsóknarinnar er Snjólfur Ólafsson prófessor og með honum í verkefnastjórn eru Gylfi Dalmann Áðalsteinsson lektor, Runólfur Smári Steinþórsson prófessor og Pórhallur Örn Guðlaugsson dósent. Auður Hermannsdóttir, MS í viðskiptafræði hefur svo verið ráðin til þess að sinna rannsóknarverkefni.



ER ÁRANGUR ÍSLENSKRA ÚTRÁSARFYRIRTÆKJA EINSTAKUR? Þessari spurningu og mórgum öðrum reyni viðskipta- og hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur hafið umfangsmikið rannsóknarverkefni.

arverkefni.

Auk þeirra munu fjölmargir aðrir koma að rannsókninni. Stefnir er að því að skýr heildarmynd og svör við mórgum spurningum verði komin haustið 2008 þó að rannsóknirnar á viðfangsefnumi muni halda áfram lengur en það. Í dag klukkan 12.20 mun Snjólfur Ólafsson kynna rannsóknarverkefnið í stofu 101 í Odda og er málstofan öllum opin.


- hhs

Hyundai hefur gæðin



Hyundai er í 3. sæti í nýjustu IQS gæðakönnun J.D. Power, næst á eftir Porsche og Lexus. Þetta er jafnframt þriðja árið í röð sem Hyundai er meðal fremstu bílaframleiðanda heims. IQS könnunin er ein virtasta könnun sinnar tegundar, byggð á svörum rúmlega 63.000 bifreiðareigenda. Það eru því orð að sönnu að Hyundai hafi gæðin.

Top 5 Nameplates in 2006 Initial Quality Study Problems per 100 Vehicles



Frá kr. 3.460.000
SANTAFE

Hyundai kynnir nýja kynslóð sportjeppa, sem færir þér það besta úr mórgum heimum. Stílhreinn fólksbill í luxusflokk, rúmgóður fjölskyldu- og frístundabill eða ferðafrelsí dugmikils jeppa. Þitt er valið. Þá er Santa Fe glæsilegur fararkostur sem vekur hvarvetna eftirtekt fyrir fágaða hönnun og áraðna eiginleika.



Frá kr. 2.590.000
TUCSON

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS spólvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu við þurrublöð
- 16" álfelgur
- Verðlaunabill í sínum flokki

HYUNDAI hefur gæðin



Hefur gæðin

Vantar diskapláss?

Þessi er 2 Terabyte og stækkanleg í 42!

HITACHI
DATA SYSTEMS

Hitachi Data Systems hafa undanfarin ár verið leiðandi framleiðandi á diskastæðum fyrir stórfyrirtæki. Nú hefur fyrirtækið einbeitt sér að lausnum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki sem sameina hápróaða tækni, stækkanleika, hátt þjónustustig og gott verð.

Afhendingartími á lausnum frá Hitachi er mjög skammur (oftast innan við vika) og 12 mánaða viðhaldssamningur er alltaf innifalinn.

HDS framleiðir diskastæður sem henta öllum stærðum fyrirtækja.
Nánari upplýsingar eru á:
www.hds.com eða í síma
575 9200.



Verð
833.222*
m.vsk

Athugið að 19" skápur sem syndur er á mynd er ekki innifalinn í verði.

Hitachi Tagmastore WMS100 iSCSI

- Single Controller
- 2 x 2 iSCSI interfaces með 2 GigE ports.
- 2 TB SATA diskar (4 x 500 GB) stækkanleg í 42 Tb
- 512 MB Cache
- 12 mánaða viðhaldssamningur

iSCSI sameinar two samkiptastaðla (SCSI og TCP/IP) sem gerir þér kleift að tengja diskastæður við netkerfi þitt á einfaldan og hagkvæman hátt og nýta þar með núverandi fjáfestingu í netkerfi fyrirtækisins betur.

Tölvubjónustan SecurStore - 575 9200

HITACHI
DATA SYSTEMS TrueNorth Partner
Gold



Flex-T skrifstofuhúsgögn á tilboðsverði! **30% afsláttur**



Flex-T vinnustöð (180x200 cm)

Verð áður 71.369 kr.

Tilboð **49.958 kr.**

Flex-T skrifstofuhúsgögn fást í ýmsum stærðum og útfærslum.
Þau eru hönnuð af Guðrún Margréti Ólafsdóttur og Oddgeiri Þórðarsyni, húsgagna- og innanhússarkitektum FHI.



Flex-T með rafmagnsstillingu (180x80 cm)

Verð áður 110.531 kr.

Tilboð **88.425 kr.**

20%
afsláttur

A. GUÐMUNDSSON
Bæjarlind 8-10 · Kópavogi · Sími 510 7300 · www.ag.is
STOFNAÐ 1956



Í læri hjá Nóbelsverð-launahafa

Pálína Björk Matthíasdóttir eyddi mánuði í Bangladesh í sumar þar sem hún rannsakaði áhrif Grameen-bankans sem veitir smálán og stuðlar að frumkvöðlastarfsemi. Stofnandi Grameen, Mohammad Yunus, hlaut friðarverðlaun Nóbels í ár. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* spjallaði við Pálínu um reynsluna.

Það kom mörgum skemmtilega á óvart á dögumnum þegar prófessorinn og hugsuðurinn frá Bangladesh, Mohammad Yunus, hlaut friðarverðlaun Nóbels í ár ásamt Grameen-bankanum sem hann sjálfur stofnaði fyrir um tuttugu árum. Hugmynd Yunusar var einföld en afar áhrifarík og gengur hún út á það að veita fátækum fólkum svokölluð smálán svo það geti hafið eigin atvinnustarfsemi. Mikill meirihluti viðskiptavina bankans eru konur. Þessi háleita hugmynd Yunusar hefur breytt ótrúlega miklu í þróunar-samfélögum til betri vegar. Fáir höfðu trú á henni í upphafi, enda töldu fáir að það gæti borgað sig að lána svo fátækum fólk peninga. Þessu hugarfari breytti Yunus og sannaði það að með því að aðlaga bankakerfið að þeim fátækum í stað þess að miða það við þá fáu ríku í landinu. Hugmyndin hefur verið margfölduð í þróunarríkjum um allan heim.

VIÐ RANNSÓKNARSTÖRFÍ BANGLADESH

Pálína Björk Matthíasdóttir var við nám í alþjóðaviðskipta-fræði, með áherslu á viðskipti í Asíu, við Viðskiptaháskólan í Kaupmannahöfn þegar hún frétti af Grameen-bankanum. Starfsemin þar vakti áhuga hennar svo hún hafði samband við bankann og sóttist eftir því að fá að vinna lokaverkefni sitt hjá bankanum. Hlutirnir gengu hratt fyrir sig eftir það og innan nokkurra víkna var hún komin í mánaðarlanga rannsóknarvinnu í Bangladesh. „Ég var í því að taka viðtöl við starfsfólk, stjórnur og lánþega bankans. Ég fór til dæmis í ferðir til þorpanna þar sem bankinn starfar. Starfið bankans gengur út á það að þjóna



**LÁNPEGAR OG
HLUTHAFAR**
GRAMEEN-BANKA
Konurnar í þorpinu
koma reglulega
saman til að borga af
lánunum sínum og
leggja inn sparnað.

var mikill munur á stöðu þeirra í lífinu. Þær sem eru búnar að vera lengi í viðskiptum hjá bankanum eru jafnvel búnar að kaupa sér land, eiga stærra hús, margar kýr og hafa það mjög gott miðað við hvernig þær höfðu það áður.“

LÁNPEGAR HAFA BEIN ÁHRIF Á BANKANN

Grameen-bankinn veitir lán án trygginga en í staðinn eru lánþegar látnir mynda hópa og meðlimir hópsins þannig gerðir háðir hver öðrum. Ef einhver innan hópsins borgar ekki lánið sitt til baka innan tilskilins tíma geta hinir í hópnum ekki fengið annað lán. Þetta hefur reynst vel og er afar lítið um vanskil innan bankans. Annað mikilvægt atriði er að lánþegarnir sjálfir eru stærstu hluthafar bankans og sitja í stjórn hans. Pannig hafa þeir bein áhrif. Í stað þess að svo sé greiddur út arður til hluthafanna fer hagnaður bankans í samfélagsuppbyggingu, til dæmis í að bæta meintunum eða byggja spítala, sem aftur nýtist viðskiptavinum bankans á beinan hátt. Í staðinn fyrir að fá ölmusu þurfa þær því að vinna sig sjálfar út úr fátæktinni.

20 PRÓSENT NJÓTA GÓÐS AF BANKANUM

Lán Grameen-bankans eru aldrei veitt til neyslu heldur fyrst og fremst til að setja á stofn einhvers konar fyrirtæki. Fyrsta lán gæti verið um 30 dollarar

„Hann er mikill hugsjónamaður og mjög jákvæður. Það er ótrúlegt að sjá hversu mikil hvetjandi áhrif hann hefur á fólk í kringum sig.“

KOMIN HEIM TIL ÍSLANDS Í ATVINNULEIT

Við störf sín hjá bankanum umgekkst Pálína Yunus sjálfan og ber honum vel söguna. „Hann er mikill hugsjónamaður og mjög jákvæður. Það er ótrúlegt að sjá hversu mikil hvetjandi áhrif hann hefur á fólk í kringum sig.“ Pálína er nú komin heim til Íslands aftur eftir erilsama undanfarna mánuði. Hún er nú komin á fullt í atvinnuleit og hefur helst hug á að vinna í þróunarmálum eða í þróun viðskiptatækifæra erlendis hjá alþjóðlegu fyrirtæki.



PÁLÍNA MATTHÍASDÓTTIR VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR Var við rannsóknarvinnu við Grameen-banka í sumar. Bankinn hlaut nýverið friðarverðlaun Nóbels ásamt stofnanda bankans, Mohammad Yunus.

fátæka fólinu og komast að því hvað það er samt það virkilega þarfust. Þess vegna setja þeir upp útibú í þorpunum þeirra og hvetja það til þátttökum í stað þess að bíða eftir því að fátæka fólkini komi til þeirra.“ Á ferðum sínum talaði Pálína bæði við konur sem voru búnar að vera í stuttan og langan tíma hjá bankanum. „Það

Þegar byggja þarf ákvarðanir á tölu

... gerðu þá kröfu um áreiðanleika þeirra

Þráðlausar handtölvar eru sveigjanleg lausn fyrir vöruhús og er byggð á viðskiptakerfinu Microsoft Dynamics Navision. Lausnin auðveldar alla meðhöndlun upplýsinga og tryggir einfalt og öruggt flæði frá handtölvum til upplýsingakerfisins.

Lausnin kemur með tilbúnum handtölvuferlum sem styðja við þá ferla sem fyrir eru í stöðluðu vöruhúsakerfi Navision. Notkun lausnarinnar er virðisaukandi þar sem hún tryggir aukin afköst og gæði gagna í kerfinu. Kerfið straumlínulagar ferli með aukinni sjálfvirkni og veitir skýrari yfirsýn.

Okkar þekking - bitt forskot!



„Þráðlausar handtölvar auðvelda okkur hjá Rúmfatalagernum skráningu birgða í vöruhúsum okkar og getum við treyst þeirri tækni sem Landsteinar Strengur hefur þróað og hannað. Kerfið inniheldur einstaka frávika- meðhöndlun sem tryggir okkur fullkomlið yfirlit á vöruflæði og stöðu vörubirgða.“

Borsteinn Þorsteinsson,
fjármálastjóri Rúmfatalagersins.



Landsteinar Strengur

Ármúla 7 - 108 Reykjavík - Sími 550 9000 - www.landsteinarstrengur.is

Microsoft
GOLD CERTIFIED

Partner

Microsoft Business Solutions
Global ISV Partner of the Year 2005
Lausnir frá Landsteinar Strengur eru notaðar í fleiri en 11.600 verslunum og rúmlega 27.800 afgreiðslukössum viðsvegar um heim. Meðal ánægðra viðskiptavina má nefna: IKEA, Adidas, Debenhams, Pizza Hut, Booths stórmarkaðirnir, Alliance Pharmacy og Concept Sports International (EM 2004, ÓL í Ápenu árið 2004).

Microsoft Dynamics

Meðal annarra lausna frá Landsteinar Streng eru:

- Launakerfi
- Verkbókhaldskefni
- Tímaskráningarkerfi
- Stjórnendalausnir
- Þjónustukerfi
- Tengslastjórnunarkerfi

BANKAHÓLFID



7000

Greiningardeild Kaupþings telur að Úrvalsvisítalan muni ná því gildi fyrir árslok.

12,6%

hlutur Straums-Burðaráss í kanadíska olíu- og gasframleiðandanum Tanganyika.

20

milljarða króna sem bankarnir og starfsmenn þeirra borga í skatt á þessu ári.

Er bankanum sama um þig?

Árangur og umfang bankanna vekur ekki bara aðdáun og gleði í samfélögnum. Dæmi eru nýir bolir sem samtökin Andspyrna hefur látið búa til. Á þá er letrað stórum stöfum BANKANUM PÍNUM ER SAMA UM PIG. Andspyrna gefur þá skýringu á framtakinu að meðlimir séu dauðleiðir á hvernig bankarnir poti sér jafnvel víðar inn í líf fólks en trúarbrögð. „Til dæmis eru lífsleikinám skeið í sumum grunnskólum í boði Landsbankans,“ segir Andspyrna og tekur fram að bolirnir hafi verið búningar til í hundræð eintökum og komi til með að kosta þúsundkall. Áhugasamir geta svo keypt fyrstu eintökini á Organic Airwaves-tónleikum í kaffi Hljómalind á morgun frá fimm síðdegis til níu um kvöldið.

Næst stærsti tékkinn

Það voru brosandi hluthafar sem réttu upp hægri höndina þegar samþykkt var 20 milljarða arðgreiðsla Kaupþings. Exista fékk mest sem stærsti hluthafinn og geymir í sjóðum sínum eigin bréf fyrir nokkra milljarða. Egla á 11 prósentu hlut og fær samkvæmt því um 2,2 milljarða. Reyndar þegar fjármagnstekjuskatturinn verður dreginn frá skýst annar aðili upp fyrir þá. Það er ríkið sem fær tíu prósent af heildargreiðslunni í sinn hlut. Á fundinum var engan fulltrúa næst stærsta tékkans að finna, en skilvís greiðsla upp í lækkun matarverðs ætti að berast frá bankanum á næstu vikum eða mánuðum.

Orðrómur um Árvakur

Áhugi manna á fjölmálfayrir-tækjum virðist vera endalaus og sá áhugi endurspeglast í endalausum sögusögnum sem fljúga um markaðinn. Nú gengur fjöllumum hærra að hlutur Kristins Björnssonar og skyldmenna í Árvakri sé til sölu og FL Group muni kaupa hlutinn. Enginn fæst til að staðfesta slíkan orðróum og er hann því ekki seldur dýrar en hann er keyptur. Sama gildir um þrálátan orðrómu þess efnis að Grettir, sem er undir stjórn Björgólfssfeðga, eigi stóran hlut í Ári og Degi sem á helningshlut í Blaðinu á móti Árvakri. Menn geta andað rólega því flestum er ljóst að almennt séð eru menn meðvitaðir um mikilvægi þess að það sé engum fjölmáldum holtt að leynd hvíl yfir eignarhaldinu.



Bjarni reddar öllu.

INNKAUPAKORT VISA



- Innkaupakort VISA er ókeypis kreditkort.
- Ekkert stofngjald, árgjald eða seðilgjald.
- Kortið er ætlað í rekstrarinnkaup og kemur í stað beiðna- og reikningsviðskipta.
- Lengri greiðslufrestur.

Úttektartímabil Innkaupakorts er almanaksmánuður og gjalddagi reiknings 25. næsta mánaðar.

Hægt er að sækja um Innkaupakort VISA á www.visa.is og hjá öllum bönkum og sparisjóðum. Nánari upplýsingar í síma 525-2280

Nýr dagur – ný tækifæri



E*TRADE®

„Auðveldara en ég hélt“

120
1886-2006

Með þátttöki á E*TRADE í gegnum Landsbankann býost einstaklingum möguleiki á að nýta sér beint og milliliðalaust áhugaverð fjárfestingartækifæri.

Kynntu þér málid á landsbanki.is eða hringdu í síma 410 4000.



Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár



Suzuki Sidekick, 31", árg. '94. Sk. '07. Í góðu standi. Tilboð. Uppl. í s. 696 1397.

MMC Pajero diesel/turbo árg. 1996, ek. 220 þús, 31"/álfelgur, ný tímareim o.fl. Nýskoðaður, '07 Verð kr. 690 þús. Upplýsingar í síma 898 7377. ATH skipti ód.

500-999 þús.



Til sölu Toyota Yaris, ágerð 2004, 5 dýra, beinskíptur, áhv. 850.000 ca. 19.000 á mán. Verð 1.070.000, tilboð 990.000 stgr. 691 1002.



Tryggðu ódýrt



Renault Clio árg. 2003, 5 dýra, beinskíptur, ek. 80 þús. Verð 790 þús. Áhv. 560 þús. Sparneytinn og vel með farinn. Sími 847 8759.



Til sölu Subaru Impreza, '02, turbo, ek. 56 þús, fullkittuð með lambóhúrdum. Áhv. 1.5 m. Verð 1,9 m. Uppl. í s. 896 1974 & 564 1974.



Subaru Forester árg 2002. 5.gíra, 4x4, ekinn 88 þ. km, sk.'07, dráttarkúla. Fæst gegn yfirtöku láns +50.000. S. 898 8837.



